

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 23. júlí 2020

Mál nr. S-653/2020:

Héraðssaksóknari

(*Dröfn Kærnested saksóknarfulltrúi*)

gegn

X

(*Sigurður Freyr Sigurðsson lögmaður*)

Dómur

Mál þetta, sem var tekið til dóms 25. júní síðastliðinn, höfðaði héraðssaksóknari með ákæru 5. mars 2020 á hendur ákærðu, X, kt. 000000-0000, [...]; „fyrir eftirtalin brot gegn almennum hegningarlögum:

1. Kynferðisbrot, með því að hafa á átt í kynferðissambandi við sambúðarbarn sitt, Y, kennitala 000000-0000, frá september 2015 til 22. apríl 2017, er pilturinn var 16 til 17 ára, en ákærða og Y höfðu margsinnis samræði og önnur kynferðismök á sameiginlegu heimili þeirra að [...].

Telst þetta varða við 1. mgr. 201. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2. Rangar sakargiftir, með því að hafa með rangri kæru hjá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu mánudaginn 23. október 2017 leitast við að koma því til leiðar að Y yrði sakaður um eða dæmdur fyrir að hafa ítrekað nauðgað henni og áreitt hana kynferðislega á tímabilinu frá september 2015 til október 2017, á sameiginlegum heimilum þeirra að [...] og [...], sem leiddi til þess að lögregla hóf rannsókn máls nr. 007-2017-64089 og tekin var skýrsla af Y með réttarstöðu sakbornings þriðjudaginn 31. október 2017.

Telst þetta varða við 1. mgr. 148. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu Y, kennitala 000000-0000, er þess krafist að ákærða verði dæmd til að greiða honum 700.000 krónur í miskabætur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 24. október 2017 til þess dags er mánuður er liðinn frá því að krafan var birt ákærðu, en frá þeim degi er krafist dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. til greiðsludags. Þá er krafist þóknunar tilnefndum og síðar skipuðum réttargæslumanni til handa, sbr. 48. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, [...].“

Ákærða krefst aðallega sýknu af kröfum ákærvaldsins og að sakarkostnaður þar með talin þóknun verjanda verði greidd úr ríkissjóði. Til vara er gerð krafa um vægustu refsingu sem lög leyfa. Þá krefst ákærða þess aðallega að bótakröfu verði vísað frá dómi, en til vara lækkunar kröfunnar.

I

Málsatvik

Aðdraganda þessa máls má rekja til þess er brotþoli fluttist frá móður sinni til föður síns á vormánuðum 2015. Faðir brotþola var í ástarsambandi og sambúð með ákærðu þessa máls en hún er sex árum eldri en brotþoli. Fjölskyldan bjó fyrst að [...] en flutti svo að [...]. Með ákærðu og brotþola tókst náíð vinasamband. Samband þeirra varð svo kynferðislegt og höfðu þau fyrst samfarir í september 2015 þegar faðir brotþola var staddur erlendis á fótboltaleik [...]. Fyrir liggur í málinu að upp frá því höfðu ákærða og brotþoli ítrekað samfarir eða önnur kynferðismök á heimili sínu. Í október 2017 komst upp um kynferðissamband ákærðu og brotþola. Leiddi það til mikilla átaka og uppnáms innan fjölskyldunnar. Brotþoli glímdi í kjölfarið við mikla andlega vanlíðan og sjálfsvígshugsanir og lagðist inn á geðdeild 20. október 2017. Ákærða mætti á lögreglustöð mánudaginn 23. október 2017 og lagði fram kæru um nauðgun á hendur brotþola. Hélt ákærða því fram að brotþoli hefði ítrekað nauðgað sér og áreitt hana kynferðislega á tímabilinu frá september 2015 til október 2017 á sameiginlegum heimilum þeirra að [...] og [...]. Þetta leiddi til þess að lögregla hóf rannsókn máls nr. [...] og tók meðal annars skýrslu af brotþola með réttarstöðu sakbornings 31. október 2017. Þann 18. september 2018 var ákærðu og brotþola tilkynnt sú ákvörðun lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu að hætta rannsókn málsins með vísan til 4. mgr. 52. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Ákærða kærði þá ákvörðun til ríkissaksóknara. Ríkissaksóknari staðfesti ákvörðun lögreglustjóra um niðurfellingu máls 16. janúar 2018. Þann 11. október 2018 lagði brotþoli fram kæru á hendur ákærðu fyrir kynferðisbrot. Sama dag lagði brotþoli fram skaðabótakröfu á hendur ákærðu. Við svo búið hóf lögregla rannsókn máls nr. [...]. Var þá ákveðið að taka skýrslu af ákærðu með réttarstöðu sakbornings fyrir meint brot gegn 148. gr. og 1. mgr. 201. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Við rannsókn málsins var á ný tekin skýrsla af brotþola. Rannsókn þess máls leiddi til útgáfu ákæru 5. mars 2020 sem dómurinn hefur til meðferðar í máli þessu.

II

Framburður ákærðu, brotþola og annarra vitna

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærðu, brotþola og annarra vitna við aðalmeðferð málsins að því marki sem nauðsynlegt þykir til úrlausnar þess.

Ákærða, X, bar um að hún hafi fyrst hitt brotapolu á árinu 2015. Brotapoli hafi búið hjá móður sinni en komið í heimsókn til föður síns. Faðir brotapolu hafi kynnt brotapolu fyrir ákærðu yfir máltíð sem kærustu sína og sagt að ákærða yrði aldrei stjúpmamma brotapolu þar sem hún myndi aldrei ganga í það hlutverk. Brotapoli hafi flust inn á heimili ákærðu og föður brotapolu í maí 2015. Brotapoli væri jákvæður strákur sem kynni á fólk. Ákærða væri hins vegar feimin og með félagsfælni. Ákærða eigi fáa en góða vini og hafi á umræddum tíma fjarlægst vini sína. Með ákærðu og brotapolu hafi tekist vinasamband. Raunar hafi brotapoli verið „nánast eini vinur“ ákærðu á þessum tíma. Kannaðist ákærða við að hún og brotapoli hafi farið saman í ljós, sund, ræktina og út að borða. Ákærða kannaðist við að hafa boðið brotapolu með sér á [...] námskeið. Þá hafi þau spjallað saman um enska boltann. Ákærða hafi stundum sótt brotapolu í skólann og brotapoli spjallað við ákærðu um skólann sinn. Ákærða hafi farið í bíó með brotapolu og föður hans og þau verið mikið þrjú saman. Ákærða og brotapoli hafi verið mikið saman tvö heima „en ekki út á við“. Ákærða hafi eldað mat fyrir alla í fjölskyldunni, en ekki séð um þvott af brotapolu. Brotapoli hafi stundum spurt ákærðu ráða um stelpur, hvernig hann ætti að bjóða stelpum út og hvernig bæri að haga sér á stefnumóti. Þau hafi ekki rætt hvort brotapoli væri reyndur í kynferðismálum. Kvaðst ákærða ekki hafa áttað sig á því þá en síðar heyrð að brotapoli hafi verið hrifinn af sér á þessum tíma. Brotapoli hafi stundum sýnt af sér óþægilega hegðun inni á heimilinu og ákærða viljað að brotapoli væri meira hjá móður sinni. Ákærða hafi til dæmis reynt að koma því til leiðar að brotapoli væri hjá móður sinni þegar faðir brotapolu væri erlendis. Brotapoli hafi til að mynda stundum gengið upp að ákærðu og knúsað hana. Ákærðu hafi fundist það óþægilegt og nefnt það við föður brotapolu sem svaraði því til að brotapoli væri bara knúsari.

Brotapoli og ákærða hafi haft samfarir í fyrsta sinn í september 2015 þegar faðir brotapolu var staddur erlendis á fótboltaleik [...]. Ákærða eigi yfirleitt erfitt með að sofna og hafi beðið brotapolu að sitja hjá sér meðan hún sofnaði. Brotapoli hafi tekið vel í bón ákærðu og setið hjá henni þar til hún sofnaði. Ákærða sofi yfirleitt nakin, en hafi þó farið að sofa í náttbuxum og bol eftir að brotapoli fluttist inn á heimilið. Ákærða hafi vaknað við að brotapoli hafi verið strjúka brjóst og maga ákærðu. Brotapoli hafi farið inn á hlýraból ákærðu og síðan farið að strjúka og klípa í rass ákærðu. Ákærða hafi snúið baki í brotapolu en fundist sem hann væri að fróa sér á meðan á strokunum stóð. Brotapoli hafi farið inn á ákærðu og stungið fingrum sínum í leggöng hennar. Því næst hafi brotapoli reynt að setja lim sinn í leggöng ákærðu. Ákærða hafi þá frosið en brotapoli hafi haldið áfram þrátt fyrir það og nauðgað henni. Eftir kynmökun hafi brotapoli farið inn á bað. Ákærða hafi heyrð í vaskinum og klósettinu. Svo hafi brotapoli komið aftur og farið að sofa. Daginn eftir hafi brotapoli farið í skólann. Ákærða hafi ekki treyst sér til þess að mæta í skólann heldur legið uppi í rúmi og liðið afar illa. Brotapoli hafi komið

heim úr skólanum síðar um daginn og látið eins og ekkert væri. Daginn eftir, þegar ákærða hafi verið að fara að sofa hafi brotápoli spurt ákærðu hvort hún vildi að brotápoli vekti eftir sér en hún svarað neitandi og farið að sofa. Ákærða hafi vaknað við að brotápoli hafi verið að káfa á henni og strjúka. Það sama hafi svo gerst, ákærða hafi frosið og brotápoli hafi nauðgað henni aftur.

Ákærða sagði að kynferðisleg samskipti ákærðu og brotáþola hafi svo alltaf haft svipaðan aðdraganda. Ákærða sofi mjög fast og hafi alltaf verið sofandi þegar samfarirnar hófust. Yfirleitt hafi samfarirnar hafist að nóttu til, þegar faðir brotáþola var erlendis, eða seint á kvöldin þegar faðir brotáþola var fjarverandi vegna vaktavinnu, eða snemma á morgnana þegar faðir brotáþola var farinn í vinnuna. Brotápoli hafi þá byrjað á því að strjúka ákærðu þegar hún var sofandi og hún frosið. Ákærðu hafi liðið sem hún gæti ekki hreyft sig eða komið upp orði. Ákærðu hafi liðið sem hún væri á staðnum en samt ekki. Eftir samfarirnar hafi ákærða legið kyrr og ekki endilega áttað sig á því hvað hefði gerst. Við tæki vanlíðan. Stundum hefði ákærða farið fram úr svefnherberginu eftir á og mætt brotáþola. Aðspurð um hvernig samskiptin á milli brotáþola og ákærðu væru þá svaraði ákærða því til að það væri eins og ekkert hefði gerst.

Brotápoli hafi nauðgað ákærðu í um 15 skipti. Önnur skipti, þar sem brotápoli hafi káfað á ákærðu eða verið að fróa sér, hafi verið 15-20 talsins. Kynferðisleg samskipti þeirra í heild hafi verið um 35 talsins. Ákærða kvaðst aldrei hafa tekið virkan þátt í kynmökunum né gefið samþykki sitt. Aðspurð kvað ákærða sig minna að hún hafi sagt nei við brotáþola að minnsta kosti einu sinni, það hafi verið í fyrsta sinn sem þau höfðu samfarir en brotápoli haldið áfram þrátt fyrir það. Með því að hafa í reynd ekki verið á staðnum eða tekið neinn þátt í kynmökunum hefði ákærða gefið brotáþola til kynna að hún vildi þetta ekki. Brotápoli hafi átt að geta skilið það. Aðspurð kvaðst ákærða ekki hafa óttast að brotápoli myndi beita hana ofbeldi. Brotápoli hefði ekki beitt hana ofbeldi eða hóttað því. Ákærða hafi engu að síður verið hrædd en frekar við það sem var að gerast þegar brotápoli var að brjóta á ákærðu. Ákærða hafi ekki getað séð fyrir hvernig brotápoli brygðist við. Síðasta skiptið sem ákærða og brotápoli hafi haft samfarir hafi verið í október 2017 á heimili þeirra að [...] þegar ákærða var að læra undir próf. Sólin hafi skinið óþægilega inn í svefnherbergi ákærðu og birtan truflað hana. Ákærða hafi því spurt brotáþola hvort hún mætti leggja sig í rúminu hans og brotápoli svarað því játandi. Ákærða hafi verið sofnuð en vaknað við að brotápoli væri byrjaður að káfa á ákærðu. Því næst hafi brotápoli nauðgað ákærðu.

Ákærða hafi fundið fyrir vanlíðan í kjölfar kynferðislegra samskipta hennar og brotáþola. Ákærða og brotápoli hafi aldrei rætt kynferðisleg samskipti sín. Ákærða hafi aldrei rætt þetta við neinn á meðan á þessu stóð og fundið fyrir skömm yfir því að hafa verið nauðgað. Enda þótt ákærða hafi vitað að brotápoli væri ítrekað búinn að brjóta á henni í tvö ár hafi ákærða ekki getað viðurkennt það fyrir sjálfri sér. Ákærða hafi lengi

vel kennt sér um og fundist það sér að kenna að hafa ekki stoppað þetta. Annað foreldri ákærðu sé alkóhólisti. Af þeim sökum hafi ákærða snemma lært að ýta öllu undir teppið og tala ekki um hlutina. Þetta hafi fylgt ákærðu út í lífið.

Fyrir dómi var borið undir ákærðu handskrifað bréf sem hún afhenti lögreglu við rannsókn málsins. Þar segir að í tvö skipti hafi brotaþoli komið inn til ákærðu og ætlað að leggjast hjá henni þar sem hún lá vakandi og nakin uppi í rúmi. Ákærða hafi sagt brotaþola að þetta væri óviðeigandi, beðið hann að fara og brotaþoli hlýtt því. Í þessu samhengi bar ákærða svo að aðalmunurinn á þessum skiptum og hinum 15 skiptunum, sem ákærða og brotaþoli höfðu samfarir, liggi í því að í hin skiptin hafi ákærða verið sofandi. Í þau skipti hafi ákærða frosið og ekki getað komið upp orði. Í áður nefndu bréfi segir jafnframt að brotaþoli hafi ítrekað komið inn til ákærðu og lagst hjá henni, knúsað hana og strokið á hálsi eða baki og kysst ákærðu á ennið eða höfuðið. Ákærða bar svo fyrir dómi að hún hafi vaknað við þetta og þótt þetta skrýtið og óviðeigandi. Í sama bréfi segir jafnframt að brotaþoli hafi spurt ákærðu hvort hann mætti putta hana eða setja getnaðarlim sinn inn leggöng hennar en hún aldrei gefið honum svar svo að brotaþoli hafi bara gert það. Svaraði ákærða því til fyrir dómi að hún vissi ekki hvernig maður sýndi samþykki öðruvísi en að taka þátt í samförunum, vera með og vakandi.

Fyrir dómi voru borin undir ákærðu samskipti ákærðu og brotaþola á samfélagsmiðlinum Facebook á umræddu tímabili. Kvaðst ákærða kannast við samskiptin. Samskiptin væru eðlileg milli vina og ákærða tali svona við alla vini sína. Kvaðst ákærða þó skilja að öðrum gætu þótt samskiptin skrýtin. Ákærðu hafi hins vegar liðið eins og hún þyrfti að halda „einhverjum fronti“ og hafi verið að reyna að halda öllu eðlilegu gagnvart syni kærasta síns. Ákærða sé mjög meðvirk og hrædd um að aðrir dæmi sig á því hvernig hún svari eða svari ekki. Borin voru undir ákærðu samskipti hennar við brotaþola 12. apríl 2016 þar sem ákærða býðst til að sækja brotaþola í skólann og skutla honum heim. Í samskiptunum kallar brotaþoli ákærðu „hottý“ og ákærða kallar sig sama heiti. Ákærða hafi verið í námi við [...] en brotaþoli í [...]. Það hefði að mati ákærðu verið fáránlegt að bjóða brotaþola ekki far enda hefði hann annars þurft að taka strætó. Ákærða viðhefði þennan talsmáta við alla vini sína. Þá voru borin undir ákærðu fyrir dómi samskipti ákærðu og brotaþola frá 25. ágúst 2016 þar sem ákærða segir við brotaþola að þau ætli að „gera eitthvað skemmtilegt meðan pabbi er í skólanum muhaha“, og svarar brotaþoli því játandi. Ákærða kvaðst þarna hafa verið að reyna að vera góð og eðlileg. Ákærða viti ekki nákvæmlega hvað við hafi verið átt í umrætt sinn, ef til vill að þau gætu farið að baka. Borin voru undir ákærðu fyrir dómi ítrekuð samskipti ákærðu og brotaþola á Facebook um knús, kúr og nudd. Ákærða sagðist eiga mjög erfitt með að svara skilaboðum sem þessum og geti ekki sagt nei. Ákærða og brotaþoli hafi þó ekki verið að knúsast og kúra saman. Brotaþoli hafi í eitt skiptið nuddað axlir ákærðu og föður brotaþola þegar þau voru að lesa. Í eitt eða tvö skipti hafi brotaþoli nuddað axlir ákærðu

þegar hún var að lesa og glósa. Ákærða var í þessu samhengi spurð út í samskipti brotþola og ákærðu frá 21. október 2016. Þar segist brotþoli hálfvaknaður og ákærða megi vekja sig með því að koma og kúra og ákærða svarar því til að það geri hún ef hún hafi tíma. Ákærða kvaðst fyrir dómi ekki hafa farið og kúrt með brotþola umrætt sinn. Þá var ákærða fyrir dómi spurð út í samskipti frá 23. janúar 2017 þar sem ákærða minnir brotþola á að hún eigi bókaðan tíma hjá honum í nudd. Svaraði ákærða því til að þetta hafi verið eina skiptið sem ákærða hafi beðið brotþola um að veita sér axlarnudd. Borin voru undir ákærðu samskipti hennar og brotþola frá 19. apríl 2017 þar sem brotþoli og ákærða ræða um að kúra saman. Ákærða svaraði því til að hún hafi ekki kúrt hjá ákærða umrætt sinn heldur sest hjá honum. Þá var ákærða spurð út í samskipti sín og brotþola þar sem ákærða spyr brotþola hvort hann vilji knús og brotþoli svarar því játandi. Ákærða bar um að það gæti vel verið að hún hafi knúsað brotþola umrætt sinn, en hún muni þó ekki nákvæmlega eftir þessu. Ákærða var spurð út í samskipti sín og brotþola þar sem ákærða talar meðal annars um að hún sé í skrýtnum aðstæðum sem hún hafi ekki mikla reynslu af en að hún elski aðstæðurnar. Ákærða viti að brotþola sé ekki illa við sig, annars væri brotþoli ekki svona góður við hana. Aðspurð út í þessi samskipti kvaðst ákærða hafa verið hrædd um að segja eitthvað vitlaust eða særa brotþola. Ákærða hafi viljað koma vel fram við brotþola því að hann væri sonur kærasta hennar. Þá var ákærða fyrir dómi spurð út í samskipti hennar og brotþola þar sem ákærða segist ekki þurfa að skammast sín fyrir að segja að hún elski brotþola og brotþoli segist elska hana líka. Ákærða kannaðist við orðaskiptin og kvaðst líka myndu segja vinum sínum að hún elski þá.

Aðspurð um aðdraganda þess að málið komst upp kvaðst ákærða hafa heyrt af því að brotþoli hafi sent vinkonu sinni, A, skilaboð á samfélagsmiðlinum snapchat og sagt henni að hann ætli að innbyrða allt rítalínið sitt. Vinkonan hafi hringt á lögregluna sem hafi haft samband við föður brotþola. Faðir brotþola hafi farið upp í skóla og fengið þær upplýsingar að brotþoli væri þar í kennslustund. Síðar sama dag hafi faðir og móðir brotþola reynt að ræða við hann. Brotþoli hafi ekki tekið vel í það. Lögreglan hafi farið með brotþola á bráðamóttökuna í viðtal. Í vikunni á eftir hafi faðir brotþola aftur reynt að tala við brotþola og hann þá sagt föður sínum að hann beri tilfinningar til ákærðu. Einum eða tveimur dögum seinna hafi brotþoli komið til ákærðu og viðurkennt að hann væri búinn að vera að brjóta á henni með því að káfa á henni og snerta hana á óviðeigandi hátt. Brotþoli hafi sagt ákærðu að hann hafi vitað að ákærða vildi þetta ekki en hann ekki getað stoppað sig. Fram að þeirri stundu kvaðst ákærða hafa getað lokað á meinta kynferðislega misnotkun brotþola, en þarna hafi ákærða áttað sig á því að þetta hafi virkilega gerst. Brotþoli hafi sagt ákærðu að hann hafi sagt föður sínum frá þessu, sem hafi hughreyst sig og sagt að þeir myndu láta þetta ganga. Ákærðu hafi hins vegar fundist furðulegt að faðir brotþola hafi bara tekið svona létt í þetta. Ákærða hafi því

viljað ræða málið sjálf við föður brotþola og heyra hvað fram hafi farið í samtali þeirra feðga. Daginn eftir hafi ákærða rætt þetta við föður brotþola. Ákærða hafi þá brotnað niður og sagt föður brotþola frá hinni meintu kynferðislegu misnotkun brotþola. Faðir brotþola hafi strax reynt að aðstoða bæði ákærðu og brotþola. Faðir brotþola hafi hringt á neyðarmóttökuna og reynt að tala við prest. Faðir brotþola hafi alveg örugglega verið í uppnámi. Faðir brotþola hafi síðan farið fram og ætlað að fá sér vatnsglas en þá hafi brotþoli staðið við herbergishurðina og greinilega verið að hlusta. Faðir brotþola hafi slegið brotþola en strax tekið utan um hann og beðið hann afsökunar. Þau hafi fengið þær upplýsingar á neyðarmóttökunni að best væri að fjarlægja brotþola af heimilinu. Faðir brotþola hafi beðið móður sína að sækja brotþola og hann hafi gist þar þessa nótt. Faðir brotþola og ákærða hafi farið á neyðarmóttökuna. Morguninn eftir hafi þau farið í Bjarkarhlíð.

Ákærða bar fyrir dómi að á neyðarmóttökunni hafi henni verið bent á að hún gæti kært hin meintu kynferðisbrot. Ákærða hafi hugsað málið og síðan ákveðið að kæra brotþola. Ákærða kvaðst ekki muna hvort faðir brotþola hafi fylgt henni á lögreglustöðina. Ákærðu hafi verið kynnt réttarfarsúrræði við skýrslutöku hjá lögreglu, að skýra satt og rétt frá og að rangur framburður gæti varðað refsíabyrgð. Ákærðu hafi frá byrjun fundist eins og henni væri ekki trúað og að ekki væri tekið mark á henni. Málinu hafi verið snúið gegn sér. Sá tími sem liðinn væri frá því að ákærða lagði fram kæru hafi verið einn sá erfiðasti tími í lífi hennar og hún gengið í gegnum mikla andlega vanlíðan og verið langt niðri. Ákærða hafi lokað sig af og ekki þorað út úr húsi. Ákærða hafi reynt að fremja sjálfsvíg og lagst inn á geðdeild. Ákærða hafi í kjölfarið leitað sér aðstoðar hjá Píeta-samtökunum og B sálfræðingi. Ákærða og faðir brotþola hafi slitið sambandi sínu tvisvar sinnum, en séu nú í sambandi og búi saman. Ákærða hafi ekki verið í neinu sambandi við brotþola síðan málið kom upp. Kvaðst ákærða ekki vita hvort brotþoli og faðir hans væru í sambandi. Ákærða viti þó til þess að faðir brotþola hefði reynt að senda brotþola jólagjafir og afmælisgjafir.

Ákærða kvaðst aðspurð hafa heyrt að brotþoli væri lygasjúkur. Brotþoli hafi sjálfur sagt ákærðu að hann ljúgi stundum bara til þess að ljúga og viti ekki af hverju. Þá hafi aðrir fjölskyldumeðlimir sagt sér að brotþoli ljúgi svolítið. Sem dæmi um lygar nefndi ákærða að brotþoli lygi til að fá að taka próf aftur eða fá fresti á verkefni.

Brotþoli, Y, greindi frá því að hann hefði flust frá móður sinni til föður um vorið 2015 þegar hann var að útskrifast úr 10. bekk. Samskipti brotþola og móður hans hafi þá ekki gengið nógu vel. Á heimili föður síns hafi brotþoli haft athvarf í stofunni. Faðir brotþola hafi ekki verið búinn að segja brotþola að hann ætti kærustu sem byggji með honum. Ákærða og brotþoli hafi hist í fyrsta sinn þegar brotþoli lá nakinn í baði með opna herbergishurð inn til sín og ákærða hafi gengið framhjá, séð til brotþola og mögulega heilsað. Ákærða hafi fyrst um sinn verið feimin og þau því ekki haft mikil

samskipti. Með tímanum hafi brotaþoli og ákærða þó orðið góðir vinir enda ekki svo langt á milli þeirra í aldri. Aðspurður hvort brotaþoli hafi litið á ákærðu sem stjúpmóður sína svaraði hann: „Já og nei.“ Ákærða hafi eiginlega verið sett í það hlutverk án þess að hafa verið spurð. Ákærða hafi verið inni á heimilinu sem kærasta föður brotaþola en brotaþoli hafi þó ekki upplifað ákærðu sem stjúpmömmu sína, ekki nema að því leyti að ákærða hafi séð um heimilið, hún hafi til dæmis séð um að þvo þvott og elda mat. Brotaþoli hafi fremur litið á ákærðu sem vin eða kærustu en sem stjúpmóður.

Brotaþoli lýsti upphafi kynferðissambands hans og ákærðu þannig að eitt kvöldið, þegar brotaþoli var búinn að vera inni á heimilinu í tvo til þrjá mánuði, hafi ákærða komið heim af djamminu. Ákærða hafi verið búin að drekka og reykja. Föður brotaþola sé afar illa við slíkt og hafi ekki viljað fá ákærðu upp í rúm til sín. Þá hafi ákærða komið til brotaþola og lagst hjá honum. Brotaþoli hafi orðið vandræðalegur og spurt ákærðu hvar hann ætti að setja höndina á sér. Ákærða hafi sagst vilja fá höndina um magann á sér. Brotaþoli hafi lagt hönd sína á maga ákærðu og þannig hafi þau kúrt í um 30-40 sekúndur þar til faðir brotaþola hafi komið að og spurt hvað væri í gangi, þetta væri „svolítið asnalegt“. Upp frá þessu hafi ákærða og brotaþoli byrjað að vera nánari á kynferðislegan hátt. Þau hafi eytt umtalsverðum tíma saman og kúrt mikið saman. Það hafi byrjað þegar brotaþoli var að læra inni í stofu og hafi spurt ákærðu hvort hún vildi koma og leggjast hjá sér. Ákærða hafi gert það og hafi brotaþoli þá haldið utan um ákærðu meðan þau voru að læra. Frá því hafi ákærða og brotaþoli mjög oft lagt sig saman. Ákærða hafi oft komið og kúrt hjá brotaþola. Eftir einhvern tíma hafi þetta orðið svolítið óviðeigandi því að brotaþoli hafi gengið á ákærðu með að hann langaði að gera meiri hluti með henni. Ákærða hafi gefið brotaþola í skyn að hún vildi það með þeim hætti að ef brotaþoli hafi til dæmis snert rass ákærðu eða haldið utan um hana á kynferðislegan máta hafi ákærða tjáð brotaþola að hún vildi það. Brotaþoli hafi snert brjóst ákærðu og hún engin merki gefið um að hún vildi það ekki. Brotaþoli hafi athugað hjá ákærðu hvort hún vildi þetta aftur síðar og hafi ákærða þá svarað því játandi og beðið síðar um það oft eftir þetta. Brotaþoli hafi stundum farið inn á ákærðu. Þá hafi brotaþoli oft nuddað ákærðu og spurt ákærðu hvort henni líkaði þetta og hvort þetta væri í lagi. Ákærða hafi alltaf svarað því játandi.

Í september 2015 hafi faðir brotaþola ferðast til Hollands til að vera viðstaddur fótboltaleik [...]. Fyrsta eða annað kvöldið eftir að faðir brotaþola fór utan kvað brotaþoli sig minna að ákærða hafi spurt brotaþola hvort hann vildi sofa uppi í rúmi hjá sér. Brotaþoli hafi tekið vel í þá bón. Ákærða hafi fyrst um sinn verið mikið klædd þegar þau voru að kúra en um nóttina hafi meira farið að gerast milli þeirra. Ákærða hafi þá farið ofan á brotaþola. Brotaþoli hafi tekið vel í það og gefið ákærðu samþykki sitt með athöfnum, til að mynda með því að draga ákærðu nær sér og vera með lim sinn úti. Ákærða og brotaþoli hafi stundað saman samfarir í fyrsta sinn en brotaþoli hafi á þeim

tíma verið alls óreyndur í kynferðismálum. Borinn var undir brotþola sá framburður ákærðu að hún hafi verið sofandi er samfarirnar hófust en brotþoli kvað það rangt. Ákærða hafi verið samþykkt samförunum og hafi til dæmis látið það í ljós með því að þrýsta sér að brotþola og fara ekki ofan af brotþola á meðan á samförunum stóð.

Framhaldinu lýsti brotþoli þannig að þetta hafi haldið svona áfram næstu næturnar. Eftir þetta hafi brotþoli og ákærða oft stundað samfarir. Fjöldi tilvika væri um 100. Aðspurður um hvor hafi yfirleitt haft meira frumkvæði að kynmökum svaraði brotþoli því til að yfirleitt hafi ákærða gefið sér skilaboð og brotþoli síðan gert hlutina út frá þeim skilaboðum. Brotþoli hafi haldið áfram að nudda ákærðu og hafi þá nánast alltaf jafnframt þuklað á henni meðan á nuddinu stóð. Brotþoli hafi þuklað á rassi ákærðu og hafi hún þá hreyft sig með. Þegar brotþoli hafi tekið buxur ákærðu niður hafi hún gert brotþola það auðvelt með því að hreyfa sig með. Þannig hafi ákærða gefið brotþola þau skilaboð að sér fyndist þetta í lagi og vildi þetta. Samfarir ákærðu og brotþola hafi oftast átt sér stað þegar ákærða og brotþoli voru ein heima, til að mynda þegar faðir brotþola var í vinnunni. Að sumri til hafi brotþoli og ákærða haft samfarir á morgnana því að þá var faðir brotþola farinn snemma til vinnu en að vetri til hafi þau oftast haft samfarir að kvöldi til því að þá hafi faðir brotþola verið í vinnunni. Stundum hafi ákærða og brotþoli kysst meðan á atlotunum stóð, en kossarnir hafi ekki verið tungukossar. Brotþoli hafi oftast afklætt ákærðu, en hún hafi nánast alltaf hjálpað til. Brotþoli hafi sjálfur klætt sig úr fötunum. Ákærða hafi káfað á brotþola og snert á honum liminn. Brotþoli hafi veitt ákærðu munnmök en ákærða hafi ekki veitt brotþola munnmök. Brotþoli hafi stungið fingri í leggöng og endaparm ákærðu. Stundum hafi brotþoli farið upp í rúm til ákærðu og leitað á hana en hún sagt nei, eða hafi ekki sýnt neinn áhuga. Þá hafi brotþoli hætt. Stundum hafi brotþoli reynt að koma ákærðu til ef hún svaraði honum neitandi, en ef það hafi ekki virkað hafi brotþoli hætt. Brotþoli hafi aldrei neytt ákærðu til samfara. Ákærða og brotþoli hafi rætt hvernig brotþoli ætti að haga sér í samförum þeirra, hvað hann ætti að gera og hversu langan tíma hlutirnir ættu að taka. Hafi brotþoli, sem reynsluminni aðilinn, þá meira verið að spyrja ákærðu ráða.

Borin voru undir brotþola samskipti hans og ákærðu á samskiptamiðlinum Facebook og kannaðist brotþoli við samskiptin. Í samskiptunum tala brotþoli og ákærða ítrekað um kúr og knús. Kvaðst brotþoli alla jafna hafa átt frumkvæði að því að spyrja ákærðu hvort hún vildi kúra eða knúsa sig. Ákærða hafi ýmist svarað því játandi eða neitandi. Sagði brotþoli að þegar ákærða og hann töluðu um kúr í samskiptum sínum væri átt við meira. Það hafi verið þannig í þeirra ástarsambandi að þegar brotþoli hafi verið að nudda ákæru hafi hann alltaf gengið lengra og svo farið inn á hana. Stundum hafi ákærða sýnt áhuga en stundum ekki. Ef hún sýndi áhuga þá hafi brotþoli gengið lengra, ef ekki þá hafi brotþoli hætt. Nákvæmlega sama gildi um kúr. Ákærða hafi komið til brotþola og það hafi alveg verið ljóst fyrir honum hvort hún ætlaði sér meira eða

hvort hún vildi bara leggja sig hjá brotþola. Aðspurður kannaðist brotþoli við að hafa nefnt ákærðu „greddupíku“ í samskiptum þeirra. Brotþoli bar um að þetta hefði verið í gríni enda hafi ákærða sótt bæði í brotþola og föður hans á þessum tíma. Þá kannaðist brotþoli við samskipti ákærðu og brotþola á samfélagsmiðlinum Facebook þar sem ákærða talar um að þau muni gera „eitthvað skemmtilegt meðan pabbi er í skólanum muhaha“ og sagði brotþoli orðskiptin merkja að brotþoli og ákærða gætu þá eytt meiri tíma saman, og þá á kynferðislegan máta.

Ákærða hafi oft verið með lokuð augun þegar kynferðisleg samskipti hennar og brotþola hófust og meðan á þeim stóð. Brotþoli telji að ákærða hafi þá verið að þykjast vera sofandi í því skyni að hjálpa sér með samvisku sína. Ákærða hafi engu að síður hreyft sig og tekið fullan og virkan þátt í samförum þeirra. Til að mynda hefði ákærða oftast tekið utan um brotþola á meðan á samförum þeirra stóð. Brotþoli hafi heyrt ákærðu stynja meðan á samförum þeirra stóð. Ákærða hafi sýnt ákveðið frumkvæði þannig að þegar brotþoli hafi ekki farið upp í rúm til hennar hafi ákærða langoftast komið upp í rúm til brotþola, óumbeðin og fáklædd. Brotþoli kvaðst ekki muna nákvæmlega eftir síðasta skiptinu er hann og ákærða höfðu samfarir en það hafi gerst á heimili þeirra að [...] og uppi í rúmi brotþola. Ákærða hafi verið ofan á brotþola.

Fyrir dómi lýsti brotþoli vanlíðan á þeim tíma sem meint kynferðisbrot gerðust. Það hafi verið mjög mikið stress í gangi. Brotþoli hafi engum getað sagt hvað nákvæmlega var í gangi milli hans og ákærðu heldur hafi verið ósagður sannleikur í gangi. Brotþoli og ákærða hafi haft mjög lítil samskipti sín á milli um það sem var raunverulega í gangi þeirra á milli og hvernig sambandi þeirra væri háttað. Brotþoli hafi verið ástfanginn af ákærðu. Þær tilfinningar hafi vaknað eftir nokkra mánuði. Ákærða og brotþoli hafi verið mjög nán, kúrt saman og snert hvort annað. Ákærða hafi sýnt brotþola mikinn áhuga og öfugt. Brotþoli og ákærða hafi eytt miklum tíma saman, til að mynda farið saman í ræktina og ljós. Hann hafi upplifað samband þeirra sem ástarsamband. Brotþoli kvaðst ekki viss um hvaða tilfinningar ákærða bar til hans en hann hafi að minnsta kosti talið að ákærða væri hrifin af sér. Það hafi verið „mjög skrýtið“ að búa saman þrjú. Það hafi ekki verið svo slæmt að fylgjast með ástarsambandi föður síns og ákærðu þegar þau voru að gera venjulega hluti. Þegar þau hafi verið þrjú saman heima hafi ákærða ekki spjallað mikið við sig heldur aðallega föður sinn. Brotþoli hafi alveg getað sætt sig við það. Brotþola hafi hins vegar fundist afar sárt að heyra til föður síns og ákærðu stunda kynlíf. Brotþoli hafi ekki þekkt föður sinn mikið áður en hann fluttist til hans. Samband þeirra feðga hafi ekki verið gott heldur laskað. Faðir brotþola hafi verið í neyslu áður og móðir brotþola átt það til að segja brotþola neikvæða hluti um föður sinn þannig að brotþola yrði ekki vel við hann. Kvaðst brotþoli þó alltaf hafa elskað föður sinn mjög heitt og verið meðvitaður um að hann væri að stinga undan honum. Þá hafi föður brotþola ekki þótt brotþoli standa sig nógu

vel í því námi sem brotápoli stundaði á þessum tíma. Þetta hafi valdið ákveðinni togstreitu milli feðganna þar sem brotápoli hafi sífellt lofað að standa sig betur þó brotápoli hafi alls ekki viljað stunda námið.

Í október 2017 hafi brotápoli fundið hvernig ákærða væri farin að draga sig í hlé frá ástarsambandi þeirra. Ákærða hafi þá ekki verið jafn mikið til í að kúra, fá nudd eða eyða tíma með ákærða. Faðir brotápola og ákærða hafi verið búin að trúlofa sig og brotápola liðið eins og hann væri að ýtast út. Brotápoli hafi upplifað þetta sem svo að ástarsambandi hans og ákærðu væri lokið. Honum hafi liðið mjög illa yfir því. Það hafi verið erfitt að geta ekki talað við neinn um þetta leyndarmál og þessa fyrstu ástarsorg sem hann var að ganga í gegnum. Brotápoli hafi byrgt allt inni. Eitt kvöldið hafi brotápoli og ákærða farið að rifast og brotápoli farið út af heimilinu og tekið allt dót og lyf sín með sér. Brotápoli hafi íhugað að fyrirfara sér og hafi hringt í vinkonu sína, A, og sagt henni það. Brotápoli hafi því næst hafi farið til móður sinnar og gist þar. Daginn eftir hafi brotápoli farið í skólann. Hann hafi þá komist að því að lögreglan væri að leita að honum þegar hann leitaði til námsráðgjafa vegna vanlíðanar. Þegar brotápoli var búinn hjá námsráðgjafanum hafi hann farið heim til móður sinnar ásamt besta vini sínum, C, en þeir ætlað að fara saman á skauta. Brotápoli hafi þá orðið var við það að móðir hans varð dularfull á svip í símtali við föður brotápola. Faðir brotápola hafi stuttu síðar komið og ætt inn á heimili móður brotápola. Faðir brotápola hafi ætlað að halda brotápola á heimilinu en brotápoli reynt að komast undan. Þetta hafi endað með því að brotápoli hafi lamið föður sinn í andlitið. Faðir brotápola hafi þá snúið brotápola niður í jörðina. Brotápoli hafi komist frá föður sínum og út á svalir og hoppað fram af fyrstu hæð. Brotápoli hafi hringt á lögregluna sem hafi rætt við brotápola. Nokkrum dögum síðar hafi brotápoli snúið aftur heim til föður síns. Brotápoli hafi rætt við föður sinn og sagt honum að hann hafi verið ástfanginn af kærustu hans í góðan tíma og að samband þeirra hafi verið mjög óviðeigandi allan tímann. Brotápoli hafi svo verið heima í tölvunni eitt kvöldið og heyrð öskur innan úr svefnherbergi. Brotápoli hafi heyrð ákærðu biðja föður sinn að lemja brotápola ekki. Brotápoli hafi farið fram til þess að fá sér að borða en hafi síðan fært sig nær herberginu til að heyra það sem fram færi. Þá hafi faðir brotápola komið fram úr herberginu og spurt brotápola hvort hann áttaði sig á því hvað hann væri búinn að gera. Faðir brotápola hafi lamið hann í andlitið. Hann hafi nefnt Stígamót við brotápola sem þá varð mjög ringlaður. Faðir brotápola og brotápoli hafi átt samtalið inni í herbergi. Á þeim tímapunkti kvaðst brotápoli ekki hafa vitað að ákærða hefði sakað sig um nauðgun en grunað að ákærða hafi verið að segja eitthvað á þá leið að brotápoli hefði misnotað sig, það er að snertingar brotápola hefðu verið óviðeigandi og hún ekki viljað þær. En þegar faðir brotápola hafi farið að tala um Stígamót og hversu alvarlegt þetta væri hefði brotápoli fundist líkleggra að ákærða væri að ljúga því að ástarsamband þeirra hefði ekki verið með hennar samþykki. Brotápoli hafi verið í miklu uppnámi og mjög

ringlaður. Að vera sakaður um nauðgun hafi verið „rosalega stórt sjokk“ og „mjög alvarlegt.“ Síðar sama kvöld hafi föðuramma brotþola sótt hann til föður síns. Brotþoli hafi gist hjá föðurömmu sinni og drepíð tímann með því að spila tölvuleik við D, föðurbróður sinn. Næsta morgun hafi faðir brotþola komið og keyrt brotþola upp á geðdeild. Faðir brotþola hafi sagt honum að hann yrði að segjast vilja drepa sig svo að hann kæmist örugglega inn á deildina. Á þessum tímapunkti hafi faðir brotþola aftur talað um Stígamót og hversu alvarlegt þetta væri. Brotþola hafi liðið hræðilega og verið tilbúinn að taka líf sitt. Móðir brotþola hafi hringt í hann og spurt hvort það væri satt að brotþoli hafi nauðgað ákærðu. Brotþoli hafi svarað því játandi og kvaðst hafa verið tilbúinn að mála sig sem skrímsli. Brotþoli hafi frekar viljað lifa í lygi en að takast á við það sem væri að gerast enda hafi hann ekki séð fram á neitt líf eftir þetta. Brotþoli hafi sagt C, D, E og fólkinu sem tók við hann viðtöl á geðdeild að hann hafi nauðgað ákærðu. Aðspurður hvers vegna hann hafi sagt það svaraði brotþoli því til að ákærða hafi þá verið búin að saka brotþola um nauðgun. Sér hafi verið kennt að ef stelpa saki einhvern um nauðgun þá sé það oftast satt. Þá hafi faðir brotþola ítrekað nefnt Stígamót við sig. Þetta hafi hins vegar ekki verið sannleikurinn. Brotþoli hafi aldrei nauðgað ákærðu heldur hafi þau átt í ástarsambandi. Á þessum tíma hafi brotþoli verið ringlaður, langt niðri og í sjálfsvígshugleiðingum. Kannaðist brotþoli aðspurður við að aðrir hafi stundum notað orðið lygasjúkur í tengslum við hann. Það hafi þó aðallega verið faðir brotþola sem hafi sakað brotþola um lygar enda hafi brotþoli verið að ljúga að honum.

Brotþoli kvaðst hafa lagst inn á geðdeild á fimmtudagsmorgni og dvalist þar í um tíu daga. Eftir nokkra daga hafi honum farið að líða betur. Á mánudagsmorgni hafi brotþoli átt viðtal við F geðlækni. Brotþoli hafi sagt F að hann hefði nauðgað ákærðu en F hafi ekki trúað honum. F hafi þá útskýrt fyrir brotþola að það væri ákærða sem hefði hegðað sér óviðeigandi gagnvart brotþola en ekki öfugt. Brotþoli hafi þá sagt F sannleikann. Inn á geðdeild hafi brotþoli fengið tækifæri til þess að segja föður sínum sína hlið á málinu að viðstöddum félagsráðgjafa og fleiri sérfræðingum. Brotþoli hafi sagt föður sínum að hann hefði ekki nauðgað ákærðu heldur hafi þau átt í ástarsambandi. Þetta hafi verið brotþola mjög erfitt og sérfræðingar hafi reynt að koma honum til aðstoðar og útskýra fyrir föður hans að brotþoli væri ekki gerandinn í þessu máli. Faðir brotþola hafi tekið því mjög illa, stormað út og kallað alla vanhæfa. Brotþoli viti til þess að foreldrar hans hafi hist á þessum tíma og faðir hans þá reynt að sannfæra móður hans um að brotþoli væri gerandi í málinu. Brotþoli viti það ekki fyrir víst en finnst líklegt að faðir sinn hafi talað við flestalla um þetta því að brotþola hafi verið sagt það margoft eftir á.

Brotþoli telji að ákærða hafi lagt fram kæru á hendur sér um nauðgun vegna þess að faðir brotþola hafi hótað að drepa hana ef þetta væri ósatt. Þetta hefði brotþoli eftir móður sinni. Sjálfum hafi brotþola liðið skelfilega eftir að ákærða lagði fram kærna og

hann var lagður inn á geðdeild. Brotapoli hafi allt í einu átt heima annars staðar, eða hjá föðurömmu sinni. Brotapoli hafi ekki verið tilbúinn að takast á við þetta. Brotapoli hafi rætt við besta vin sinn, C, og vinkonu, A, daglega og reitt sig svo mikið á þau að hann hafi að lokum ýtt þeim frá sér. Brotapoli hafi farið í þrjá tíma til sálfræðings, og byrjað að segja sögu sína en ekki fundist það hjálpa. Brotapoli hafi þó þurft meiri hjálp, bara við það eitt að komast af stað á morgnana, burstu tennurnar og fá sér morgunmat. Þann 20. desember 2017 hafi brotapolí verið að keyra bifreið einn um miðja nótt alltof hratt og í mikilli vanlíðan. Brotapoli hafi misst stjórn á bílnum og lent í árekstri. Hann hafi ekki hlotið líkamlegt tjón í árekstrinum en hafi í kjölfarið ákveðið að óska eftir því að vera lagður aftur inn á geðdeild til að takast á við málið. Í dag sé brotapolí ekki í neinu sambandi við föður sinn. Brotapoli hafi hringt í föður sinn en hann tekið símtalinu fálega. Brotapoli kvaðst ekki þekkja föður sinn lengur og muni líklega aldrei gera aftur. Brotapoli sé ekki í miklu sambandi við litla bróður sinn, son föður brotápola, en hitti hann þegar hann komi til landsins. Faðir brotápola skilji stundum eftir gjafir handa brotápola hjá móðurömmu brotápola. Síðustu þrjú árin frá því er atvik málsins gerðust hafi reynst brotápola afar erfið. Brotapoli hafi nánast eingöngu spilað tölvuleiki og leyft lífinu að líða hjá. Brotapoli hafi ekki hugsað nægilega vel um sig og byrjað að fitna og hafi haldið því áfram. Brotápola líði eins og málinu þurfi að ljúka svo að hann geti unnið úr því.

Vitnið G, amma brotápola, kvaðst þekkja brotápola ágætlega. Hann sé indæll strákur, hlýr og góður. Faðir brotápola, sonur vitnisins, hafi verið í óreglu í fimmtán ár og brotapolí hafi af þeim sökum allt frá fæðingu verið mikið hjá vitninu. Vitnið og eiginmaður hennar hafi oft annast brotápola á pabbahelgum. Kvaðst vitnið elska son sinn en hann væri svolítið skapstór og skemmdur eftir óreglu. Vitnið viti aldrei á hverju það eigi von frá honum. Samband brotápola og móður hans hafi verið stormasamt og brotapolí viljað prófa að búa hjá föður sínum og flust til hans 2015. Vitnið hafi fyrst heyrt af málinu þegar sonur hennar, faðir brotápola, hringdi í vitnið að kvöldi til og bað hana að sækja brotápola strax því að annars yrði annað hvort þeirra drepíð. Þegar vitnið kom á heimilið hafi faðir brotápola verið reiður og í mikilli geðshræringu. Vitnið hafi spurt hvar ákærða væri og fengið þau svör að hún væri inni í herbergi. Vitnið hafi ekki haft frekari orðaskipti en skynjað að einhver skelfing væri í gangi í gangi. Vitnið hafi keyrt brotápola heim til sín. Á leiðinni heim til vitnisins hafi brotapolí ekki viljað tala en vitnið þó grunað strax hvernig í pottinn væri búíð. Ákærða, faðir brotápola og brotapolí hafi verið búin að búa í tvö til þrjú ár í kjallara í húsi vitnisins að [...] og hún séð hvernig brotapolí og ákærða hegðuðu sér í kringum hvort annað. Vitnið hafi í bílnum spurt brotápola hvort hann hafi verið með ákærðu en brotapolí ekki viljað svara. Daginn eftir hafi faðir brotápola hringt í vitnið og sagt henni að brotapolí væri búinn að vera að nauðga ákærðu. Kvaðst vitnið hafa trúað því í fyrstu. Sonur vitnisins hafi sótt brotápola og farið

með hann á geðdeild. Vitnið hafi verið í miklu sjokki og leitað til Stúgamóta tveimur dögum seinna. Þar hafi vitninu verið bent á að frásögnin passaði ekki. Útskýrt hafi verið fyrir vitninu að brotaþoli hafi aldrei nauðgað ákærðu heldur hefði brotaþoli verið misnotaður af ákærðu. Vitnið hafi þá farið að leggja saman tvo og tvo. Aðspurt kvaðst vitnið kannast við að hafa komið í Bjarkarhlíð. Faðir brotaþola hafi beðið hana að koma þangað. Þar hafi ákærða verið grátandi gervi gráti. Tveimur dögum seinna hafi vitnið uppgötvað að þetta væri allt saman uppspuni frá rótum. Vitnið kvaðst vita til þess að brotaþoli hafi á geðdeild sagst hafa nauðgað ákærðu en sérfræðingarnir þar ekki trúað honum. Vitnið kvað brotaþola hafa sagt þetta þar sem hann hafi verið ástfanginn af ákærðu og ekki viljað henni neitt illt.

Brotaþoli hafi alla tíð sóst mikið eftir félagsskap vitnisins og mannsins hennar og komið oft upp í íbúð vitnisins og verið þar. Vitnið kvaðst eitt sinn hafa séð samskipti brotaþola og ákærðu á samskiptaforritinu Messenger á heimilistölvu vitnisins. Vitnið hafi séð brotaþola kalla ákærðu „greddupíku“ í þeim samskiptum. Vitnið hafi sagt brotaþola að svona tali maður ekki við stjúpmóður sína. Brotaþoli og ákærða hafi daðrað við hvort annað og verið kærustupar. Öll þeirra hegðun hafi litið þannig út í augum vitnisins. Vitnið kvaðst hafa oft hafa séð til ákærðu og brotaþola úti í garðinum hjá sér, til dæmis að hoppa saman á trampólíni. Vitnið viti til þess að ákærða og brotaþoli hafi farið saman í bíó. Þau hafi keypt afmælisgjöf handa föður brotaþola saman. Ef brotaþoli var einn heima hafi ákærða fært honum mat. Vitnið tók fram í þessu samhengi að húsið sem þau bjuggu í hafi verið byggt árið 1937 og sé forskalað. Allt heyrir þar á milli. Taldi vitnið sig myndu hafa heyrt ef eitthvað saknæmt hefði átt sér stað milli ákærðu og brotaþola enda hefði ákærða þá getað hrópað á aðstoð. Vitnið hafi aldrei orðið vart við togstreitu milli ákærðu og brotaþola, heldur hafi þau þvert á móti hagað sér eins og bestu vinir. Vitnið kvaðst aðspurt hafa upplifað samband þeirra fremur sem vinasamband en samband stjúpmömmu og stjúpsonar. Vitnið kvaðst aðspurt hafa litið á ákærðu sem tengdadóttur sína.

Eftir að málið kom upp hafi vitnið tekið brotaþola að sér. Brotaþoli hafi fengið herbergi og hafi búið hjá vitninu í ár. Fyrst eftir að brotaþoli fluttist til vitnisins hafi hann verið í vinnu sem þjónn en það hafi ekki gengið nægilega vel vegna vanlíðanar brotaþola. Brotaþoli leigi í dag með móðurömmu sinni og hafi ráðið sig sem stuðningsfulltrúi fyrir fatlaðan mann. Kvaðst vitnið vita til þess að brotaþola gangi vel í því starfi. Brotaþoli fari þó einungis í vinnunna og svo beint heim í tölvuna. Áður fyrr hafi brotaþoli oft verið glaður, hlegið og fíflast en eftir að málið kom upp hafi ekki verið neinn hlátur lengur. Brotaþoli hafi ekki verið í neinum samskiptum við annað fólk heldur hafi hann algerlega lokað sig inni og bætt á sig. Brotaþoli sé ekki í neinu sambandi við föður sinn í dag. Brotaþoli vilji ekki hitta bróður sinn, son föður síns, sem búi erlendis, þegar hann komi til landsins. Brotaþoli hafi ekki heimsótt vitnið mjög lengi. Þegar vitnið haldi boð fyrir fjölskylduna treysti brotaþoli sér ekki til þess að mæta. Brotaþoli sé mjög skemmdur og

brotinn eftir að málið kom upp. Brotapoli hafi ekki viljað ræða málið við vitnið fyrr en fyrir nokkrum vikum. Brotapoli hafi þá sagt vitninu að ákærða og brotapoli væru hætt saman og að hann hafi verið í ástarsorg og liðið afar illa á þessu tímabili. Ákærða hafi að mati vitnisins gripið til þessa ráðs, þegar upp um hana komst, að kæra brotapola því að faðir brotapola hafi hótað henni lífláti ef þetta væri satt. Faðir brotapola hafi ekki sagt það beint við vitnið heldur hafi hún heyrt þetta frá öðrum.

Vitnið H, faðir brotapola og maki ákærðu, bar svo fyrir dómi að í apríl 2015 hafi samskipti brotapola og móður brotapola ekki gengið nógu vel. Móðir brotapola hafi beðið vitnið að taka við brotapola. Vitnið hafi gert það með glöðu geði enda hafi vitnið fram að þeim tíma ekki haft færi á að eyða miklum tíma með brotapola. Brotapoli hafi flust til vitnisins í lok maí eða byrjun júní þegar brotapoli var að útskrifast úr 10. bekk. Vitnið reyndi að búa brotapola gott heimili og hafi sýnt brotapola ást og væntumþykju. Fljótlega eftir að brotapoli fluttist inn til föður síns hafi honum farið að ganga betur. Vitnið útvegaði brotapola vinnu á veitingastaðnum [...]. Þá hóf brotapoli nám við [...] um haustið. Brotapola hafi gengið þokkalega í skólanum og átt smá félagslíf. Undir leiðsögn vitnisins hafi brotapoli farið að hugsa betur um sjálfan sig og misst nokkur kíló. Brotapoli hafi blómstrað meðan hann bjó hjá vitninu og vitnið hafi verið stolt af brotapola. Aðspurt kvað vitnið brotapola þó stundum hafa verið þungan eða hafa liðið illa en vitnið hafi skrifað það á að um ungling væri að ræða.

Vitnið hafi kynnt ákærðu og brotapola fyrir hvort öðru yfir máltíð. D, bróðir vitnisins, sem hafi búið í íbúðinni fyrir ofan fjölskylduna ásamt móður vitnisins, hafi komið og snætt með þeim umrætt sinn. Vitnið hafi kynnt brotapola fyrir ákærðu sem kærustu sína og sagt brotapola að hún yrði aldrei stjúpmóðir hans. Vitnið hafi vonað að ákærða og brotapoli gætu orðið vinir. Ágætlega hafi gengið að búa saman þrjú. Kvaðst vitnið hafa upplifað samband ákærðu og brotapola sem vinasamband. Bar vitnið að ef þau gerðu eitthvað þá gerðum þau það yfirleitt þrjú saman. Fyrir hafi komið að brotapoli og ákærða hafi eytt tíma ein saman, til að mynda þegar vitnið var að vinna á kvöldin. Bæði væru þau þó þannig að þau hafi lokað sig af inni í herbergi eða að ákærða hafi setið frammi að læra meðan brotapoli spilaði tölvuleik inni í herbergi. Aðspurt kvaðst vitnið telja að ákærða og brotapoli hafi ábyggilega einhvern tíma farið saman út í búð, ljós eða bíó. Vitnið lýsti ákærðu sem afar þroskaðri konu þrátt fyrir ungan aldur. Ákærða sé afar lítil í sér, feimin og lokuð. Ákærða hafi alist upp með föður sem sé alkóhólisti og snemma lært að vera hlédræg og meðvirk. Ákærða hafi ítrekað beðið vitnið um að brotapoli flyttist aftur til móður sinnar eða dveldi þar þegar vitnið færi eitthvað. Ákærða hafi oft sagt vitninu að brotapoli væri óþægilegur og að sér þætti ónotalegt þegar brotapoli knúsaði sig. Kvaðst vitnið vita til þess að ákærðu hafi þótt óþægilegt þegar brotapoli skriði upp í rúm þeirra um helgar til að kúra. Vitnið kvaðst hafa svarað ákærðu því til að brotapoli væri bara ástríkur og elskulegur. Vitnið kvaðst ekki hafa tekið eftir því að eitthvað skrytið

væri í gangi, en eftir á að hyggja hafi það þó að mati vitnisins verið sérstakt hvernig ákærða hafi fyrst um sinn sofið nakin en hafi síðar farið að sofa í náttbuxum og bol.

Vitnið var í vinnunni þegar það fékk símtal frá lögreglunni um að brotþoli ætlaði að drepa sig. Brotþoli hafði þá sent skilaboð á samskiptamiðlinum snapchat á vinkonu sína, A, um að hann ætlaði að gleypa allt ritalínið sitt og taka líf sitt. Vitninu hafi komið þetta mjög á óvart. Vitnið hafi farið strax upp í skóla brotþola og fengið þær upplýsingar að brotþoli væri í tíma. Vitnið hafi fengið viðtal við námsráðgjafa meðan brotþoli fékk að ræða við annan námsráðgjafa. Eftir þetta hafi brotþoli farið heim til móður sinnar. Móðir brotþola hafi sett sig í samband við vitnið og beðið vitnið að koma. Þau hafi í sameiningu ákveðið að sitja fyrir brotþola í því skyni að reyna að ræða við hann um hvað það væri sem ylli brotþola svona mikilli vanlíðan. Brotþola hafi brugðið illa við, farið fljótt úr jafnvægi, snöggreiðst og verið öskrandi. Hann hafi ráðist á vitnið og slegið það ítrekað í andlitið. Vitnið hafi fyrst um sinn ekki hreyft sig en að lokum yfirbugað brotþola og lagt hann á gólfið. Brotþoli hafi komist frá vitninu, hoppað fram af svölunum og hlaupið í burtu. Brotþoli og foreldrar hans hafi bæði hringt á lögregluna. Lögreglan hafi komið með brotþola til baka. Foreldrar brotþola hafi beðið lögregluna að sannfæra brotþola um að fara í viðtal á geðdeild. Brotþoli hafi fallist á þetta og lögreglan hafi keyrt hann á geðdeild. Eftir það hafi brotþoli farið upp á Skaga með besta vini sínum, C, og foreldrar hans hafi lítið heyrt í honum í nokkra daga. Brotþoli hafi síðan komið til baka, farið fyrst til móður sinnar, en síðar til vitnisins. Eitt kvöldið hafi brotþoli viljað ræða við vitnið. Brotþoli hafi þá legið í fangi vitnisins, hágrátandi, og sagt að hann væri búinn að „gera svo slæman hlut“. Brotþoli hafi ítrekað spurt vitnið hvort vitnið gæti fyrirgefið brotþola hvað sem væri, og vitnið svarað því játandi. Mjög erfiðlega hafi gengið að fá upp úr brotþola hvað hann átti við en á endanum hafi brotþoli sagt vitninu að hann væri skotinn í ákærðu. Vitnið hafi hughreyst brotþola og sagt honum að þau gætu unnið sig út úr þessu sem fjölskylda. Ákærða hafi beðið vitnið að ræða við sig kvöldið eftir en vitnið hafi ekki getað það vegna vinnu sinnar. Daginn þar á eftir hafi ákærða og vitnið náð að ræða saman. Þá hafi ákærða sagt vitninu að brotþoli hefði brotið á sér. Ákærða hafi þá lýst því fyrir vitninu hvernig brotþoli hefði komið inn í herbergi sitt eftir að hún væri sofnuð og nauðgað sér og sest á rúmstokk hennar og stungið fingrum sínum í leggöng hennar. Þetta hafi gerst oftast en einu sinni. Erfitt hafi verið fyrir ákærðu að segja vitninu þetta. Vitnið lýsti því hvernig heimurinn hrundi við þessar fréttir. Vitnið hafi lagst á bæn og hringt út um allt eftir aðstoð: í prest, Stígamót, í 112 og á neyðarmóttöku fórnarlamba nauðgunar. Eftir langar samræður hafi vitnið verið orðið þyrstur og opnað svefnherbergishurðina og þá séð brotþola standa við hurðina. Brotþoli hafi greinilega legið á hleri um það sem fram fór í herberginu. Augu brotþola og vitnisins hafi mæst, og vitnið hafi þá þegar vitað, vegna tengsla þeirra sem feðga, að báðir vissu hvað gerst hafði. Þeir hafi ekki þurft að ræða það frekar því að þótt

brotapoli hafi ekki sagt neitt hafi hann vitað upp á sig sökina. Vitnið hafi löðrungað brotapolu, en séð að sér, gripið utan um hann og beðið brotapolu afsökunar. Brotapoli hafi þá beðið vitnið ítrekað að lemja sig meira því að hann ætti það skilið. Vitnið hafi beðið brotapolu að fara inn í herbergi og bíða þar. Vitnið hafi hringt í móður sína og beðið hana að sækja brotapolu og spyrja engra spurninga. Föðuramma brotapolu hafi sótt brotapolu og farið með hann heim til sín. Kvaðst vitnið í kjölfarið hafa hringt í bróður sinn, D, og beðið hann að líta til með brotapolu þessa nótt. Vitnið og ákærða hafi farið upp á neyðarmóttöku fórnarlamba nauðgunar þar sem ákærða hafi farið í viðtal. Vitnið og ákærða hafi farið saman í Bjarkarhlíð. Vitnið hafi sótt son sinn til móður sinnar og spurt hann hvort hann vildi leggjast inn á geðdeild, og brotapoli hafi svarað því játandi. Vitnið hafi skutlað syni sínum á geðdeild og beðið bróður sinn, D, að koma með í þann bíltúr til öryggis. Kvaðst vitnið aðspurt ekki telja að orðið nauðgun eða nauðgari hafi verið notað við brotapolu áður en hann lagðist inn á geðdeild. Aðspurður kvaðst vitnið ekki telja sig hafa sagt bræðrum sínum af meintum kynferðisbrotum brotapolu gegn ákærðu, en taldi þó líklegt að vitnið hafi sagt bróður sínum, D, það þegar þeir voru einir í bílnum á heimleið eftir að hafa skutlað brotapolu á geðdeild. Vitnið hafi fljótlega eftir þetta hringt í móður brotapolu og sagt henni að brotapoli væri búinn að vera að brjóta kynferðislega á ákærðu. Móðir brotapolu hafi trúað því fyrst um sinn og hafi af þeim sökum ekki viljað heimsækja brotapolu á geðdeildina. Kannaðist vitnið aðspurt ekki við að hafa ítrekað haft samband við móður brotapolu í því skyni að reyna að sannfæra hana um sekt brotapolu. Fyrir dómi var borin undir vitnið sú frásögn móður brotapolu að vitnið hafi sagst myndi drepa annað hvort brotapolu eða ákærðu. Svaraði vitnið því til að þau orð hefðu verið látin falla í miklu uppnámi. Vitnið hafi eingöngu tekið svona til orða, að ef síðar kæmi í ljós að ákærða væri að ljúga myndi vitnið drepa ákærðu, til þess að undirstrika hversu mikinn trúnað vitnið leggi á framburð ákærðu. Vitnið hafi hringt í bróður sinn, E, og móður hans, og beðið þau um að hafa samband við brotapolu svo að honum liði ekki eins og hann væri einn.

Tveimur til þremur dögum seinna fór vitnið upp á geðdeild og átti þar fund með brotapolu, F, og konu. Brotapoli hafi þá sagt vitninu að brotapoli og ákærða hafi í reynd átt í ástarsambandi. Í samtalinu hafi komið fram skrytnar útskýringar og sögur hjá brotapolu, til að mynda að ákærða hafi beðið brotapolu um framnudd, það er að láta nudda á sér brjóstin. Vitnið hafi spurt ákærðu hvort hún kannaðist við það en hún hafi komið af fjöllum. Vitnið kvaðst aðspurt kannast við að brotapoli væri oft að ljúga til þess eins að ljúga. Þetta hafi brotapoli viðurkennt sjálfur fyrir vitninu, brotapoli ætti almennt mjög auðvelt með að ljúga. Þá þekki móðir hans, amma og vinir þetta. Taldi vitnið að ef ákærða og brotapoli hefðu raunverulega átt í ástarsambandi þá hefði hann orðið var við það. Vitnið kvaðst hafa orðið mjög hissa á fundinum og spurt F hvernig komist hefði verið að þessari niðurstöðu. Þá hafi komið í ljós að F hefði átt eitt 40 mínútna viðtal við

brotapola. Vitnið hafi þá sagt F að honum fyndist hann ekki mikill fagmaður. Fyrir dómi voru í þessu samhengi borin undir vitnið vottorð F þar sem fram kemur að vitnið hafi á fundinum bæði kallað brotapolu „lygasjúkan“ og „síkópata“ og sagst leggja fullan trúnað á framburð ákærðu. Svaraði vitnið því til að hann hefði á fundinum einungis beint þeim orðum til F til að kanna hvort brotapoli ætti við siðblindu að stríða þar sem frásögn hans kæmi ekki heim og saman. Eftir fundinn hafi vitnið tekið utan um F og beðið hann að hjálpa brotapolu. Vitnið kvaðst ekki rætt málið frekar við brotapolu síðan þar sem brotapoli vilji ekki ræða við sig. Vitnið og ákærða séu í sambandi í dag og vitnið hafi fylgt ákærðu til lögreglu þegar hún lagði fram kæru á hendur brotapolu en hafi þó setið frammi.

Vitnið I, móðir brotapolu, sagði brotapolu hafa viljað flytja til föður síns þegar hann byrjaði í menntaskóla. Vitnið hafi nánast ein séð um uppeldi brotapolu síðan hann fæddist og þekki hann því afar vel. Brotapoli eigi erfitt með að fela ef honum líði illa og vitnið hafi tekið eftir því að honum líði ekki vel hjá föður sínum. Brotapoli hafi oft hringt í vitnið og vitnið þá sótt hann. Brotapoli hafi þá verið eins og hann væri að springa. Vitnið hafi tekið eftir því að það væri eitthvað skrytið í gangi, ákærða og brotapoli hafi hegðað sér eins og bestu vinir og gert allt saman. Vitnið hafi eitt sinn haft orð á því við brotapolu að hann og ákærða létu eins og þau ættu í ástarsambandi en brotapoli hafi þá þagað. Brotapoli hafi aldrei sagt vitninu hvað var í gangi. Faðir brotapolu hafi hringt í vitnið og sagt að allt hafi farið í háaloft á heimilinu kvöldið áður og að brotapoli væri kominn á geðdeild. Hafi faðir brotapolu upplýst vitnið um að ákærða hafi sagt að brotapoli væri búinn að vera að nauðga sér í tvö ár. Vitnið hafi strax hugsað með sér að það gæti ekki verið. Vitnið sótti föður brotapolu og þau fóru í bíltúr til að ræða málið frekar. Faðir brotapolu hafi þá verið í miklu sjokki og sagt henni að ákærða væri heima í grátkast, og sé mest hrædd um það að faðir brotapolu fari frá sér. Vitnið hafi stungið upp á því að þau þrjú færu saman í Bjarkarhlíð en ákærða ekki viljað fara með vitninu þangað. Vitnið hafi skutlað föður brotapolu heim og því næst farið ein í viðtal í Bjarkarhlíð. Eitt kvöldið hafi brotapoli svo komið heim til vitnisins og gist. Daginn eftir hafi brotapoli farið í skólann. Faðir brotapolu hafi hringt í vitnið og tilkynnt því að brotapoli hafi sagt vinkonu sinni, A, að hann ætlaði að fremja sjálfsvíg. Vitnið hafi hvatt brotapolu í símtali til að koma heim. Vitnið og faðir brotapolu hafi sammælst um að reyna í sameiningu að ræða við brotapolu og fá upp úr honum hvað væri að valda honum vanlíðan. Brotapoli hafi komið heim til vitnisins og brugðið við að sjá föður sinn þar. Vitnið hafi reynt að ræða við brotapolu en án árangurs. Brotapoli hafi ætlað að rjúka út en faðir hans staðið því í vegi. Brotapoli hafi slegið til föður síns sem lagði brotapolu í gólfið. Faðir brotapolu hafi sleppt honum og brotapoli hlaupið út á svalir og hoppað fram af svölunum og hlaupið í burtu. Brotapoli og foreldrar hans hafi bæði hringt á lögregluna sem sótti brotapolu og kom með hann aftur. Lögreglan hafi farið með brotapolu á geðdeild í viðtal. Eftir viðtalið hafi

brotapoli og vinur hans, C, farið saman upp á Skaga. Faðir brotþola hafi nokkrum dögum síðar skutlað brotþola á geðdeild þar sem hann lagðist inn. Vitnið hafi verið í sambandi við föður brotþola um hagi brotþola, en sagt honum að hún yrði að fá smátíma til að melta málið sjálf þar sem henni hafi fundist frásögn ákærðu ekki stemma. Vitnið kvaðst hafa rætt við brotþola símleidis og spurt hvort einhver misnotkun hafi átt sér stað. Brotapoli hafi svarað því játandi. Kvaðst vitnið þó aldrei hafa trúað því. Vitnið og brotapoli hafi ekki rætt málið frekar í það skiptið. Eftir símtalið hafi vitnið sótt sér aðstoð í Bjarkarhlíð. Kvaðst vitnið vita til þess að brotapoli hafi sagt við F geðlækni að hann hafi nauðgað ákærðu. Að mati vitnisins hafi það þó verið vegna þess að ákærða hafi sagt það við föður brotþola. Brotapoli hafi verið á mjög vondum stað. Vitnið hafi heimsótt brotþola á geðdeild á öðrum eða þriðja degi. Þegar þangað var komið hafi vitnið átt fund með brotþola og F geðlækni. F hafi þá sagt vitninu að ákærða hafi misnotað brotþola. Vitnið hafi þá sagt viðstöddum að það væri einnig upplifun vitnisins, að ákærða og brotapoli hafi átt í ástarsambandi. Kannaðist vitnið aðspurt ekki við að brotapoli væri lygasjúkur. Brotapoli lygi engu meira en venjulegur unglíngur. Inni á geðdeild hafi brotþoli sagt sannleikann og lýst sinni upplifun. Brotþola hafi í kjölfarið liðið eins og hann væri búinn að missa allt, kærustuna sína, og þá hafi faðir brotþola ekki talað við hann. Brotapoli hafi verið mjög reiður lengi eftir að málið kom upp. Fyrst eftir að málið kom upp hafi brotþoli flust til föðurömmu sinnar, síðan til vitnisins í þrjá mánuði og þá til móðurömmu sinnar. Í níu mánuði eftir að ákærða hafði lagt fram kæru á hendur honum hafi brotþoli verið í móki og óvissuástandi.

Vitnið E, föðurbróðir brotþola, bar um að hann hafi umgengist ákærðu, föður brotþola og brotþola á þeim tíma sem atvik máls gerðust. Upplifun vitnisins hafi verið að brotþola og ákærðu hafi komið vel saman. Aðspurt kvaðst vitnið telja að brotþoli hefði fremur litið á ákærðu sem vin en stjúpmóður. Faðir brotþola hafi hringt í sig og tilkynnt sér að það væri komið upp vandamál. Vitnið hafi farið og hitt brotþola á geðdeild til að kanna hvernig hann hefði það. Á þeim tímapunkti hafi vitnið haft vitneskju um að einhvers konar samband hafi verið til staðar milli brotþola og ákærðu. Þessa vitneskju hafi vitnið haft frá föður brotþola sem hafi sagt sér að brotþoli væri ítrekað búinn að vera að nauðga ákærðu. Brotþoli hafi verið ringlaður, ekki með sjálfum sér, og svolítið dapur og niðurlútur. Á meðan á heimsókn vitnisins hjá brotþola stóð hafi brotþoli sagt vitninu að hann hafi nauðgað ákærðu. Vitnið og brotþoli hafi síðan eitthvað rætt málið í samtölum fyrsta mánuðinn eftir að málið kom upp og brotþoli þá sagt vitninu að það væri ekki rétt að þetta hafi verið nauðgun. Brotþoli hafi að einhverju leyti sagt vitninu frá sambandi brotþola og ákærðu, að það hafi staðið yfir einhvern tíma, en engar nánari upplýsingar gefið. Eftir þetta hafi vitnið og brotþoli ekki mikið rætt málið. Vitnið kannaðist aðspurt ekki við að brotþoli segði mikið ósatt. Eftir að málið kom upp hafi brotþoli verið þungur og haldið sig út af fyrir sig og ekki viljað vera í

miklum samskiptum. Vitnið hafi reynt að halda samskiptum við brotþola. Vitnið kvaðst vera í sambandi við ákærðu og föður brotþola í dag.

Vitnið D, föðurbróðir brotþola, bar um að ákærða, faðir brotþola og brotþoli hefðu búið í kjallaranum þar sem hann og móðir hans, föðuramma brotþola, bjuggu. Vitnið hafi því oft umgengist þau og verið í heimsókn hjá þeim en aldrei orðið vart við neitt óvenjulegt. Ákærðu og brotþola hafi komið vel saman en vitnið ekki orðið vart við að þau væru að eyða miklum tíma saman. Vitnið hafi fyrst heyrt af málinu þegar föðuramma brotþola fór og sótti brotþola að beiðni föður brotþola. Brotþoli hafi gist hjá þeim eina nótt. Vitnið hafi ekki vitað hvað væri í gangi, en faðir brotþola hafi beðið vitnið að vera góður við brotþola. Daginn eftir hafi faðir brotþola og vitnið farið með brotþola á geðdeild. Brotþoli hafi verið í miklu uppnámi, grátið og beðið vitnið að hata sig ekki. Þegar vitnið og faðir brotþola voru komnir aftur út í bíl, eftir að hafa lagt brotþola inn á geðdeild, hafi faðir brotþola sagt vitninu að brotþoli væri búinn að vera að nauðga ákærðu síðustu tvö árin. Vitnið hafi verið í sjokki og ekki viljað trúá því að þetta væri satt. Vitnið hefði verið í afneitun og mikil sorg hafi tekið við. Vitnið og móðir hans hafi leitað sér aðstoðar í Bjarkarhlíð og hafi hitt ákærðu þar. Þá hafi þau líka leitað til sálfræðings. Vitnið kvaðst hafa heimsótt brotþola á geðdeild einum eða tveimur dögum eftir að hann lagðist inn. Vitnið þekki brotþola vel enda hafi brotþoli verið mikið inni á heimili vitnisins í æsku, þeir væru nálægt í aldri og hafi nánast alist upp saman. Vitnið hafi spurt brotþola hvort þetta væri satt, og brotþoli hafi svarað því játandi. Brotþoli hefði þó ekki lýst því nánar hvað brotþoli hafi gert. Kannaðist vitnið aðspurt við framburð sinn hjá lögreglu að brotþoli hefði á þessum tíma ekki verið í andlegu jafnvægi, hann hafi hlegið og grátið til skiptis, og verið í algeru rusli. Aðspurt kvaðst vitnið kannast við að brotþoli segði stundum ósatt en það væri þó mismunandi við hvern brotþoli ræddi hverju sinni hvort hann reyndi að ljúga.

Brotþoli hafi búið heima hjá vitninu og móður hans í eitt ár eftir að málið kom upp. Brotþoli hafi lokað sig af. Þeir hafi aldrei rætt málið meir þar sem brotþoli hafi ekki viljað það. Vitnið hafi rætt málið við föður brotþola eftir að það kom upp. Vitnið teldi brotþola mögulega vera að glíma við þunglyndi í kjölfar málsins en vitnið hafi ekki umgengist brotþola í tvö ár.

Vitnið C, vinur brotþola, sagði að hann hafi ekki umgengist ákærðu og brotþola mikið tvö saman þótt vitnið hafi hitt þau öll saman nokkrum sinnum þegar það kom á heimili brotþola. Kvaðst vitnið ekki hafa tekið eftir neinu sérstöku þeirra á milli en kvaðst þó hafa getað séð og vitað til þess að ákærða og brotþoli væru nán og eyddu stundum tíma saman. Þá hafi brotþoli einhvern tíma nefnt við sig nudd í samhengi við ákærðu. Eftir að málið kom upp hafi brotþoli hringt í vitnið af geðdeild og sagt sér hvað var í gangi á milli ákærðu og brotþola. Brotþoli hafi ekki farið út í nein smáatriði en lýst einu tilviki þar sem ákærða hafði komið upp í rúm brotþola. Aðspurður um dæmi

Þess að brotþoli segði ósatt í tengslum við samskipti við stúlkur nefndi vitnið að brotþoli hefði, þegar hann var þrettán ára, logið um að hafa farið í sleik við stúlkuna á Samfésballi. Brotþoli hafi síðan viðurkennt fyrir sér að þetta væri ekki satt. Vitnið taldi að brotþoli hefði enga kynferðislega reynslu haft áður en hann fluttist inn á heimili föður síns. Bar vitnið um að eftir að málið kom upp hafi brotþola liðið afar illa. Brotþoli hafi mikið haft samband við vitnið og kannaðist vitnið við að hafa verið í símanum við brotþola þegar brotþoli lenti í bílslysi í desember 2017. Brotþoli hafi þá verið mjög æstur og liðið afar illa og vitnið reynt að róa hann án árangurs.

Vitnið A, vinkona brotþola, kvaðst þekkja brotþola í gegnum kærasta sinn og besta vin brotþola, C. Eitt kvöldið hafi brotþoli hringt í sig í miklu uppnámi. Vitnið hafi illa getað skilið brotþola sem hafi talað í samhengislausum setningum. Brotþoli hafi sagst vera nauðgari. Daginn eftir hafi brotþoli aftur sett sig í samband við vitnið til þess að kveðja því að hann ætlaði að fremja sjálfsvíg. Vitnið hafi þá hringt í lögregluna. Síðan sama kvöld hafi brotþoli hringt í vitnið og sagt vitninu frá kynnum brotþola og ákærðu. Á brotþola hefði þá verið að skilja að ekkert ofbeldi hefði átt sér stað milli ákærðu og brotþola heldur hafi þau átt í kynferðissambandi með samþykki beggja. Vitnið heimsótti brotþola á geðdeild og bar um að brotþoli hafi þá verið á vondum stað og í miklu uppnámi. Vitnið og brotþoli hafi ekki rætt málið frekar við það tilefni. Bar vitnið um að brotþoli hafi fyrst um sinn verið upptekinn af því að sökin væri hans. Brotþoli hafi ekki átt marga nána vini og reitt sig um of á vitnið og kærasta hennar um ábyrgð á andlegri heilsu sinni. Vitnið hafi lengi vel ekki átt samskipti við brotþola og fjarlægst hann. Vitnið hafi ekki rætt við brotþola síðan um jólin 2018 en þá hafi vitninu þótt líðan brotþola vera mun betri. Vitnið kannaðist aðspurt við að brotþoli segði stundum ósatt því að hann væri hræddur við að vera ekki fullkominn. Vitnið hefði til að mynda logið því til að hafa lært undir próf. Ef brotþoli segði ósatt viðurkenndi hann það þó alltaf mjög fljótlega.

Vitnið J, geðlæknir á geðdeild Landspítala, gaf skýrslu fyrir dómi. Vitnið, sem er yfirlæknir á geðdeild, tók brotþola í viðtal þegar hann innritaðist inn á deildina. F geðlæknir hefði síðan tekið við meðferð brotþola, en vitnið fylgst með framvindu brotþola þá tíu daga sem hann lá inni. Ástæða innlagnar brotþola á geðdeild hefði verið kynferðissamband við ákærðu og átök og mikil krísa í fjölskyldunni í kjölfar þess að upp um það komst. Brotþoli, sem hafi verið ungur að árum, hafi verið afar niðurdreginn, með lífsleiða og sjálfsvígshugsanir þegar á geðdeild var komið. Faðir brotþola hafi snúið við honum baki og hent honum út af heimilinu. Þá kvaðst vitnið minna að hafa heyrt af því að faðir brotþola hafi ráðist á hann áður en hann kom á geðdeildina. Kvaðst vitnið vita til þess að á þessum tímupunkti hafi verið komnar fram ásakanir um að brotþoli væri búinn að vera að nauðga ákærðu. Brotþoli hafi verið ringlaður og ekki vitað hvaðan á sig stóð veðrið. Brotþoli hafi tekið ásökunum sem einhvers konar

sannleik og verið tilbúinn að taka þetta allt á sig. Starfsmenn spítalans hafi þó haft efasemdir um þetta, þetta væri nú kannski ekki alveg svona einfalt.

Vitnið F, geðlæknir á Landspítala, gaf skýrslu fyrir dómi og greindi frá því að brotaþoli hafi legið inni á geðdeild dagana 20.-30. október 2017. Vitnið sé sérfræðingur á nefndri deild. Brotaþoli hafi verið sjúklingur vitnisins og vitnið ábyrgt fyrir meðferð hans. Aðspurt kvað vitnið sig hafa hitt brotaþola alla daga sem hann lá inni á geðdeild. Þá hafi vitnið stýrt fjölskyldufundum, meðal annars með föður og ömmu brotaþola. Aðrir starfsmenn hafi tekið viðtöl við móður brotaþola. Við komu á geðdeild hafi brotaþola liðið mjög illa, verið afar dapur, tættur, í miklu tilfinningalegu uppnámi, örvinglaður og í sjálfsvígshugleiðingum. Brotaþoli hafi skýrt vitninu frá því að hafa lent í átökum við föður sinn sem hafði vísað honum á dyr í kjölfar þess að upp komst um kynferðissamband brotaþola og ákærðu. Brotaþoli hafi sagt vitninu hvernig kynferðissambandið hefði orðið til og þróast. Ljóst sé að ákveðið markaleysi hafi verið á heimilinu. Ákærða hafi beðið brotaþola um að nudda sig og kúra hjá sér sem hafi síðan leitt til kynferðislegra leikja þeirra á milli. Brotaþoli hafi sagt vitninu hvernig ákærða hafi haft frumkvæði að kynferðissambandi þeirra sem hafi byrjað þegar brotaþoli var fimmtán eða sextán ára. Kynferðissambandið hafi staðið yfir í talsverðan tíma eða allt fram til þess tíma er brotaþoli var lagður inn á geðdeild. Vitnið hafi ásamt meðferðaraðilum átt fund með brotaþola og föður hans á geðdeild. Á þeim fundi hafi verið ljóst að faðir brotaþola hafði algerlega tekið afstöðu með kærustu sinni og gegn brotaþola. Faðir brotaþola hafi verið afar dómharður í garð brotaþola og kallað hann siðblindan og „sykkópata“. Þá hafi faðir brotaþola lýst yfir vantrausti á þá meðferðaraðila sem önnuðust viðtalið í umrætt sinn. Faðir brotaþola hafi síðan varað móður brotaþola við meðferðaraðilunum. Vitnið hafi þetta eftir móður brotaþola. Þegar brotaþoli hafi heyrt af nauðgunarkæru ákærðu hafi hann orðið afar örvinglaður. Brotaþoli hafi raunar alls ekki skilið þá kæru enda hafi hann talið að kynferðissamband hans og ákærðu hafi verið með vitund og vilja þeirra beggja. Á milli brotaþola og ákærðu hafi verið kynferðislegir leikir þar sem ákærða þóttist sofa í byrjun kynmakanna. Brotaþoli hafi þó ætíð talið að kynferðisleg samskipti þeirra, sem áttu sér stað í framhaldi af því, hafi verið með vitund og samþykki ákærðu. Brotaþoli hafi slegið dálítið í og úr með sök í málinu og fundist hann að nokkru leyti samábyrgur. Vitnið tók fram í þessu samhengi að það væri þó mjög algengt í málum af þessum toga og ekki til þess fallið að draga trúverðugleika brotaþola í efa. Brotaþoli hafi aldrei játað í eyru vitnisins að hann væri nauðgari eða að hann hafi borið ábyrgð á kynferðislegu sambandi hans og ákærðu. Líta verði til andlegs ástands brotaþola á þessum tímamarki. Brotaþoli hafi verið örvinglaður og með sjálfsvígshugsanir. Saga brotaþola, um að kynferðissamband hans og ákærðu hafi byrjað að frumkvæði ákærðu þegar hann var fimmtán ára, hafi verið mjög stöðug. Á meðan brotaþoli lá inni á geðdeild hafi hann ekki breytt frásögn sinni, hvorki í eyru vitnisins né annarra meðferðaraðila. Brotaþoli hafi hins

vegar fengið ákveðna bakþanka þegar fram í sótti. Brotapoli hafi fyrst og fremst haft mikið samviskubit gagnvart föður sínum og fundist afar óeðlilegt að hann ætti í þessu kynferðissambandi við ákærðu. Brotapoli hafi áttað sig á að samskiptin á heimilinu hafi verið mjög óeðlileg. Brotapoli hafi efast um sjálfan sig.

Vitnið kvaðst oft hafa komið að málum af þessu tagi og unnið bæði með þolendum og gerendum. Það væri mjög algengt í málum af þessum toga að þolandinn telji sig bera ábyrgð á sambandinu eða kynferðislegum samskiptum. Gerandi komi því oft inn hjá þolanda að þetta sé litla leyndarmálið þeirra sem ekki megi segja frá. Ef þolandi segi frá muni það hafa alvarlegar afleiðingar fyrir bæði geranda og þolanda. Þannig dragist þolandinn í reynd inn í samsæri þagnarinnar. Brotapoli hafi aldrei komið vitninu fyrir sjónir sem nauðgari. Brotapoli hafi verið óþroskaður og barnalegur ungur maður sem hafi ekki haft neina kynferðislega reynslu áður en kynferðissamband hans og ákærðu hófst. Að mati vitnisins hafi brotapoli verið með mikið af dæmigerðum einkennum þolanda í slíku máli, til að mynda efasemdir um eigið sjálf og um eigin ábyrgð. Þá hafi brotapoli verið ástfanginn af ákærðu og hafi því ætíð reynt að verja hana enda hafi brotapoli litið á samband þeirra sem þau væru par, elskendur og miklir trúnaðarvinir.

B sálfræðingur skýrði frá því að ákærðu hafi verið vísað til hennar í meðferð eftir að hafa leitað til neyðarmóttökunnar vegna meintra kynferðisbrota brotþola. Vitnið kvaðst hafa hitt ákærðu 26 sinnum á tímabilinu frá október 2017 til apríl 2020. Eftir formlegt greiningarmat hafi ákærða verið greind með áfallastreituröskun. Það hafi verið í þriðja viðtali. Ákærða hafi verið trúverðug og samkvæm sjálfri sér. Vitnið bar um að það að frjósa væri algengasta viðbragðið við kynferðisofbeldi. Nefnt ástand sé varnarviðbrögð líkamans og geti virkað eins og þolandi sé lamaður. Þá sé það jafnframt mjög algengt að þolendur kynferðisofbeldis segi ekki frá fyrr en löngu seinna, sér í lagi þegar um nán tengsl er að ræða. Stundum sé það af ótta við það sem gæti gerst. Það að ákærða hafi ekki sagt frá meintu ofbeldi eigi að mati vitnisins sér eðlilegar skýringar. Aðspurð út í framlögð samskipti á léttu nótunum milli brotþola og ákærðu í gögnum málsins svaraði vitnið því til að vitað sé að viðbrögð þolenda kynferðisofbeldis séu mjög fjölbreytt en það sé alþekkt að þolendur láti eins og ekkert sé og reyni eftir fremsta megni að láta hlutina ekki springa upp í loft. Vitnið var fyrir dómi sérstaklega spurt út í það hvort sú röð atvika sem fór af stað eftir að upp um kynferðissamband ákærðu og brotþola komst gæti orsakað áfall. Svaraði vitnið því til að greining áfallastreituröskunar sé gerð út frá ofbeldinu sem ákærða hafi greini frá, ekki hinu. Þetta sé algerlega aðgreint. Vitnið kvaðst aðspurt ekki hafa heyrt hlið brotþola á málinu.

Vitnið K, hjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri á neyðarmóttöku Landspítala, bar um að hafa þann 20. október 2017 tekið á mótí ákærðu og föður brotþola þegar þau leituðu á neyðarmóttökuna vegna meintra kynferðisbrota brotþola. Ákærða hafi verið

miður sín og hafi auðsjáanlega liðið mjög illa að tala um málið fyrir framan föður brotþola sem hafi farið fram á meðan vitnið tók viðtal við ákærðu. Ákærða hafi virkað „hálf frosin“ í kringum föður brotþola. Ákærða hafi verið skýr í frásögn sinni og munað það sem gerst hafði en ekki nákvæma tímalínu. Vitnið hafi lagt trúnað á frásögn ákærðu. Kvaðst vitnið aðspurt kannast við viðbrögð ákærðu að segja ekki frá í langan tíma. Það sé mjög algengt í kynferðisbrotamálum, sér í lagi ef aðilar eru tengdir. Þetta sé þekkt hræðsla. Þá séu viðbrögðin að frjósa eðlileg varnarviðbrögð heilans.

Vitnið L rannsóknarlögreglumaður skýrði frá því að móðir brotþola hefði komið í Bjarkarhlíð. Hún hefði haft áhyggjur af syni sínum og grun um að hann hefði orðið fyrir einhvers konar ofbeldi en hann hefði ekki viljað segja hvers eðlis það ofbeldi væri. Móðirin hafi leitað upplýsinga um hvað hún gæti gert vegna vanlíðanar og hegðunarbreytinga sonar síns. Þá hafi ákærða leitað í Bjarkarhlíð ásamt föður brotþola. Báðum hafi verið mikið niðri fyrir. Faðir brotþola hafi upplýst vitnið um að brotþoli hafi beitt ákærðu kynferðislegu ofbeldi í langan tíma. Ákærða hafi ekki sagt mikið heldur hafi faðir brotþola meira talað. Vitnið hafi ásamt ráðgjafa rætt við ákærðu og föður brotþola. Ákærða hafi sagst vilja leggja fram kæru á hendur brotþola og vitnið í framhaldinu haft samband við réttargæslumann sem mætti í Bjarkarhlíð. Þar með hafi aðkomu vitnisins að málinu lokið.

Vitnið M, móðir ákærðu, heyrði fyrst af málinu í október 2017 þegar ákærða og faðir brotþola heimsóttu hana og sögðu henni að brotþoli hefði nauðgað ákærðu reglulega í langan tíma þegar ákærða var sofandi. Aðspurt kvaðst vitnið telja ástæðu þess að ákærða hafi ekki fyrr sagt frá meintum kynferðisbrotum brotþola vera skömm. Lýsti vitnið skapgerð dóttur sinnar þannig að ákærða væri feimin og héldi hlutunum yfirleitt fyrir sig. Ákærða væri ekki mikið fyrir að opna sig og ræða hlutina. Faðir ákærðu sé alkóhólisti. Það hafi mótað ákærðu og stoppað hana í að vilja ræða hlutina við foreldra sína til dæmis. Aðspurt kannaðist vitnið ekki við að ákærða hafi rætt um brotþola við sig, en vitninu hafi þó stundum fundist óviðeigandi hvernig brotþoli kom fram við ákærðu. Sem dæmi nefndi vitnið að brotþoli hefði verið mikið utan í ákærðu, faðmað hana og hálfpartinn sest ofan á hana. Aðspurt kvaðst vitnið oft hafa hitt ákærðu og brotþola saman. Þau hafi til að mynda farið í þrjár vikur saman til útlanda. Brotþoli hafi reglulega komið heim til vitnisins og tvisvar sinnum haldið jólin saman. Þá kvaðst vitnið ekki beint hafa upplifað illindi milli ákærðu og brotþola en fundist sem ákærðu hafi stundum þótt hegðun brotþola óþægileg. Eftir að málið kom upp, eða frá apríl 2018 til apríl 2019, hafi ákærða búið hjá vitninu. Ákærðu hafi þá liðið mjög illa andlega og lokað sig af. Hún hafi tekið töflur og reynt að fyrirfara sér.

Vitnið N, vinkona ákærðu, kvaðst fyrst hafa heyrt af málinu tveimur dögum eftir að ákærða sagði föður brotþola frá því. Ákærða sagði vitninu þá að brotþoli hefði misnotað sig. Kvaðst vitnið aðspurt hafa umgengist ákærðu mikið á meðan meint

kynferðisbrot áttu sér stað og hafi hitt brotapolu reglulega á heimili þeirra. Vitnið kvaðst aðspurt ekki hafa tekið eftir neinu óeðlilegu í samskiptum þeirra. Vitnið kvaðst aðspurt eitt sinn hafa orðið vart við samskipti þeirra á samfélagsmiðlum. Brotapoli hefði sent ákærðu mynd af sér nýkomnum úr klippingu, og ákærða svarað „sæt klipping“. Þannig tali ákærða almennt, hún geti ekki verið vond heldur svari öllum. Aðspurð um ástæðu þess að ákærða hafi ekki opnað sig fyrr um meint kynferðisbrot lýsti vitnið ákærðu sem mjög lokaðri. Ákærða standi oft ekki með sjálfri sér og eigi erfitt með að treysta og segja frá.

O, sálfræðingur hjá Píeta-samtökunum, hitti ákærðu í apríl 2019 er hún leitaði til Píeta-samtakanna í kjölfar sjálfsvígstilraunar. Vitnið hitti ákærðu í fjögur skipti frá apríl til maí 2019. Ákærða hafi þá verið með miklar sjálfsvígshugsanir og verið á þessum tíma búin að einangra sig og sýnt sterk þunglyndis- og kvíðaeinkenni. Ákærða hafi lýst fyrir vitninu áfalli, meintu kynferðisofbeldi af hendi brotapolu og eftirköstum þess sem hafi virst rótin að vanlíðan ákærðu. Ákærða hafi verið mjög trúverðug í sinni frásögn. Ljóst væri að hin meintu kynferðisbrot og afleiðingar þeirra hafi haft mikil áhrif á ákærðu. Mikil skömm og sjálfsásökun hafi komið í ljós hjá ákærðu yfir að hafa ekki getað sagt frá meintum kynferðisbrotum. Ákærða hafi lýst fyrir vitninu hvernig hún hefði frosið í aðstæðunum. Ákærða hafi lýst fyrir vitninu eftirköstum þessa máls fyrir samband sitt við föður brotapolu og ótta við framhaldið.

Einnig gáfu skýrslu fyrir dómi vitnin P, sálfræðingur hjá Píeta-samtökunum og Q, vinur föður brotapolu og fyrrverandi vinnuveitandi brotapolu. Ekki hefur þýðingu fyrir úrlausn málsins að rekja framburð þeirra.

III

Niðurstaða

Ákæruliður 1.

Í fyrri lið ákæru er ákærðu í máli þessu gefið að sök kynferðisbrot með því að hafa átt í kynferðissambandi við sambúðarbarn sitt, brotapolu þessa máls, frá september 2015 til apríl 2017 er brotapoli var 16 til 17 ára, en ákærða og brotapoli hafi margsinnis haft samræði og önnur kynferðismök á sameiginlegu heimili þeirra að [...]. Brot ákærðu er í ákæru heimfært til 1. mgr. 201. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 en í ákvæðinu segir að hver sem hafi samræði eða önnur kynferðismök við barn á aldrinum 15, 16 eða 17 ára sem er kjörbarn hans, stjúp barn, fósturbarn, sambúðarbarn eða barn sem er tengt honum þannig fjölskylduböndum í beinan legg, eða barn sem honum hefur verið trúað fyrir til kennslu eða uppeldis, skuli sæta fangelsi allt að 12 árum. Í ákvæði þessu er þannig lagt fortakslaust bann við samræði eða öðrum kynferðismökum við börn og unglunga undir 18 ára aldri sem gerandi hefur áður nefnd tengsl við.

Líkt og áður hefur verið rakið fluttist brotápoli frá móður sinni til föður síns á vormánuðum 2015. Faðir brotápoli var þá í ástarsambandi og sambúð með ákærðu sem er sex árum eldri en brotápoli. Fjölskyldan bjó fyrst að [...] og síðar að [...]. Samkvæmt framburði ákærðu og brotápoli eldaði ákærða stundum mat fyrir fjölskylduna en þeim bar ekki saman um hvort ákærða hafi þvegið þvott af brotápoli. Fyrir liggur jafnframt að ákærða, faðir brotápoli og brotápoli eyddu tíma saman sem fjölskylda. Þau deildu máltíðum og fóru saman í bíó. Faðir brotápoli og ákærða ræddu við brotápoli um námið sem hann stundaði á þessum tíma auk þess sem ákærða hefur kannast við að hafa sótt brotápoli í skólann. Var það að minnsta kosti einu sinni að hennar frumkvæði ef marka má Facebook-samskipti hennar og brotápoli. Fyrir liggur í málinu að ákærða og brotápoli eyddu tvö saman tíma og með þeim tókst náinn vinskapur. Kannaðist ákærða til að mynda við að hafa farið með brotápoli í ljós, sund, ræktina, út að borða og á [...] námskeið. Fær þetta stoð í framburði vitna, svo sem vitnisburði vinar brotápoli, C, föðurömmu brotápoli, G, sem sagði að ákærða og brotápoli hefðu daðrað hvort við annað og verið eins og kærustupar. Þá sagði móðir brotápoli, I, að brotápoli og ákærða höguðu sér eins og bestu vinir og létu eins og kærustupar. Þannig báru tvö síðastgreindu vitnin um fyrir dómi að þeirra upplifun hefði verið að brotápoli og ákærða hefðu látið eins og þau ættu í ástarsambandi.

Ákærðu og brotápoli ber saman um að þau hafi haft samfarir í fyrsta sinn í september 2015 þegar faðir brotápoli var staddur erlendis á fótboltaleik. Þá ber brotápoli og ákærðu að meginstefnu til saman um aðdraganda samfaranna umrætt sinn en bæði báru um að ákærða hafi beðið brotápoli um að vaka yfir sér meðan hún sofnaði. Fyrir liggur jafnframt að upp frá því höfðu ákærða og brotápoli ítrekað samfarir eða önnur kynferðismök þótt þeim beri ekki saman um í hversu mörg skipti. Þannig hefur brotápoli borið um að fjöldi kynferðislegra tilvika milli hans og ákærðu hafi verið um 100 talsins en ákærða bar um að kynferðisleg tilvik í heild hafi verið um 35 talsins, það er samfarir í um 15 skipti, en önnur kynferðisleg tilvik um 15-20 talsins. Bæði báru þau um að samfarir hafi oftast átt sér stað þegar ákærða og brotápoli voru ein á heimilinu, til að mynda þegar faðir brotápoli var í vinnunni. Þá hafa bæði brotápoli og ákærða borið um að síðasta skiptið sem þau höfðu samfarir hafi verið á heimili þeirra að [...]. Brotápoli kvaðst hafa verið ástfanginn af ákærðu. Þau hafi átt í ástarsambandi á umræddu tímabili. Þau hafi verið nán og eytt miklum tíma saman, kúrt og snert hvort annað. Brotápoli var 16 ára og hafði enga kynferðislega reynslu þegar kynferðissamband þeirra hófst. Þau hafi rætt hvernig brotápoli ætti að haga sér í samförum þeirra, hvað hann ætti að gera og hversu langan tíma hlutirnir ættu að taka. Þau hafi ítrekað haft samfarir og önnur kynferðismök. Ákærða hafi til að mynda snert lim brotápoli, brotápoli hafi veitt ákærðu munnmök og stungið fingri í leggöng og endaparm hennar.

Ákærða neitar sök og hefur bæði hjá lögreglu og fyrir dómi lýst allt annarri atburðarás. Ákærðu hafi stundum þótt nærvera brotþola á heimilinu óþægileg og beðið um að hann eyddi meiri tíma hjá móður sinni. Þá hefur ákærða borið um að kynferðislegt samband hennar og brotþola hafi verið gegn hennar vilja og að brotþoli hafi nauðgað sér ítrekað. Samfarir hafi yfirleitt hafist með því að brotþoli hafi strokið ákærðu þegar hún var sofandi og við það hafi ákærða frosið. Ákærða hafi því aldrei tekið virkan þátt í samförum þeirra. Frostástandinu hafi lokið skömmu eftir meint kynferðisbrot brotþola. Mikil vanlíðan hafi tekið við. Vegna erfiðra heimilisaðstæðna í æsku sé ákærða meðvirk, eigi erfitt með að segja það sem henni finnist og setja öðrum mörk. Af þeim ástæðum hafi ákærða ekki getað stöðvað meint kynferðisofbeldi brotþola eða sagt neinum frá því.

Meðal málsgagna eru gögn um hundruð samskipta ákærðu og brotþola á samskiptamiðlinum Facebook á umræddu tímabili. Um nánara innihald einstakra skilaboða er vísað til umfjöllunar í vitnisburði ákærðu og brotþola sem rakin hefur verið í kafla II hér að framan. Ekkert í þeim samskiptum þykir að mati dómsins renna stöðum undir þann framburð ákærðu að kynferðissamband hennar og brotþola hafi verið án hennar samþykkis. Þykja skilaboðin að mati dómsins þvert á móti renna frekari stöðum undir framburð brotþola og annarra vitna um hversu nán brotþoli og ákærða voru og að þau eyddu miklum tíma saman. Þær skýringar sem ákærða hefur gefið á samskiptunum eru að mati dómsins afar ótrúverðugar en í skilaboðunum má sem fyrr segir til dæmis finna samtöl um kúr, knús og nudd. Við aðalmeðferð málsins hlýddi dómurinn meðal annars á sérfræðivitni sem báru um andlega vanlíðan og áfallastreituröskun ákærðu í kjölfar þess að upp komst um meint kynferðisbrot brotþola. Þessa framburði verður að mati dómsins að meta með tilliti til þess að þeir eru að öllu leyti markaðir af einhliða frásögn ákærðu og varða líðan hennar eftir að sambandi hennar og brotþola lauk, en ekki á meðan á því stóð.

Brotþoli lýsti fyrir dómi ákveðinni vanlíðan á því tímabili sem um ræðir. Erfitt hafi verið að hafa ekki getað rætt við neinn um leyndarmál hans og ákærðu. Brotþoli elski föður sinn afar heitt og hafi haft samviskubit gagnvart honum. Brotþoli hafi byrgt þetta allt inni. Að mati dómsins styður vitnisburður bæði móður og föður brotþola að vissu leyti frásögn brotþola um vanlíðan. Móðir brotþola lýsti því fyrir dómi að hana hafi grunað að brotþola liði illa á umræddu tímabili. Brotþoli hafi reglulega hringt grátandi í móður sína og hún sótt hann. Þá kvaðst faðir brotþola hafa tekið eftir því að brotþola liði stundum illa eða væri þungur en hafi skrifað það á að um unglung væri að ræða. Í október 2017 fann brotþoli svo hvernig ákærða var að draga sig úr ástarsambandi þeirra. Brotþoli var þá í ástarsorg og leið mjög illa. Brotþola og ákærðu ber saman um að brotþoli hafi á þeim tíma átt þýðingarmikið samtal við föður sinn þar sem hann viðurkenndi að hann bæri tilfinningar til ákærðu. Við tóku mikil og erfið átök innan fjölskyldunnar. Svo fór að brotþoli lagðist inn á geðdeild 20. október 2017 þar sem F

geðlæknir annaðist meðferð hans. Sagði brotapolí þá nokkrum vitnum að hann hafi nauðgað ákærðu. Verður að mati dómsins að meta þennan framburð brotþola með hliðsjón af andlegu ástandi hans á því tímabili sem um ræðir og þeirra atvika sem leiddu til þess að brotapolí lagðist inn á geðdeild. Þeir geðlæknar sem hittu brotþola á þessum tíma, vitnin J og F, hafa bæði borið um að við innlögn á geðdeild hafi brotapolí verið í miklu tilfinningalegu uppnámi, örvinglaður og með sjálfsvígshugsanir. Vitnin báru um að þau hafi strax haft efasemdir um frásögn brotþola. Brotapolí lýsti því hvernig hann hafi frekar viljað lifa í lygi en að takast á við það sem væri að gerast. Vitnið F lýsti því hvernig brotapolí hafi verið óþroskaður og barnalegur ungur maður sem hafi ekki haft neina kynferðislega reynslu áður en kynferðissamband hans og ákærðu hófst.

Í vottorði F geðlæknis 24. janúar 2018 segir ennfremur að ákærða hafi verið bæði eldri og þroskaðri en brotapolí og hafi haft andlega og líkamlega yfirburði gagnvart honum. Brotapolí sýni að mati geðlæknisins ýmis dæmigerð einkenni þolanda í kynferðisbrotamáli. Brotþola hafi liðið afar illa og efast um eigin dómgreind og eigið sjálf. Kynferðissamband brotþola og ákærðu hafi haft mikil og neikvæð áhrif á sjálfsmynd brotþola. Þá liggur jafnframt fyrir í málinu að frá því að upp komst um kynferðissamband ákærðu og brotþola hefur brotapolí átt afar erfitt. Hann flutti af heimili föður síns og þurfti að leggjast aftur inn á geðdeild. Brotapolí hefur einangrast frá ættingjum sínum og ýtt nánustu vinum sínum frá sér. Brotapolí lýsti því fyrir dómi að hann hafi reynt að hafa samband við föður sinn sem hafi tekið tilraun hans fálega. Brotapolí kvaðst ekki þekkja föður sinn lengur og muni líklega aldrei gera aftur. Brotapolí hafi týnt lífsgleðinni og spilar aðallega tölvuleiki þegar hann er ekki að vinna og leyfir lífinu að líða hjá.

Fyrir dómi fullyrti ákærða að brotapolí segði stundum ósatt. Hann hefði til að mynda logið til að fá að taka próf aftur eða fá frekari fresti á verkefni. Vinkona brotþola bar aðspurð um að brotapolí hafi stundum logið því að hafa lært undir próf. Þá kannaðist besti vinur brotþola aðspurður við að brotapolí hefði logið að sér þegar hann var þrettán ára en þá hafi brotapolí sagst hafa farið í sleik við stúlku á Samfésballi. Að mati dómsins er engin ástæða til þess að draga trúverðugleika brotþola í efa af þessum sökum enda eru framangreind ósannyndi brotþola með engu móti meiri eða alvarlegri en gengur og gerist. Brotapolí hefur að mati dómsins þvert á móti verið bæði einlægur og samkvæmur sjálfum sér í framburði sínum bæði hjá lögreglu og fyrir dómi. Þá fær vitnisburður brotþola að mörgu leyti staðfestingu í framburði annarra vitna og framlögðum gögnum málsins, svo sem vottorði F og Facebook samskiptum ákærðu og brotþola. Framburður ákærðu er hins vegar að mati dómsins ótrúverðugur og að sumu leyti þversagnakenndur. Þannig hefur ákærða til að mynda kannast við náinn vinskapa sinn við brotþola og að þau hafi farið saman í ljós, sund, ræktina og út að borða. Engu að síður hafi ákærðu þótt nærvera brotþola á heimilinu svo óþægileg að hún hafi viljað að brotapolí eyddi meiri

tíma hjá móður sinni. Þetta er í ósamræmi við framburð móður brotaþola, föðurömmu brotaþola, föðurbræðra brotaþola og vinkonu ákærðu en ekkert þeirra bar um að hafa orðið vart við togstreitu þeirra á milli. Fyrir dómi báru ákærða, brotaþoli og vitni um að brotaþoli hafi fremur litið á ákærðu sem vinkonu sína fremur en stjúpmóður. Breytir það að mati dómsins engu um að brotaþoli taldist á þeim tíma er kynferðisbrotin áttu sér stað sambúðarbarn ákærðu í skilningi 1. mgr. 201. gr. almennra hegningarlaga enda var ákærða í ástarsambandi og sambúð með föður brotaþola. Þá þykja ásakanir ákærðu um meintar nauðganir brotaþola sem fyrr á engan hátt samrýmast framlögðum samskiptum ákærðu og brotaþola á samskiptamiðlinum Facebook.

Þegar allt framangreint er virt heildstætt þykir, gegn neitun ákærðu, sannað að hún hafi framið þá háttsemi sem henni er gefin að sök í ákærulið 1 með því að hafa á tímabilinu september 2015 til apríl 2017, er brotaþoli var 16 til 17 ára, margsinnis haft samræði og önnur kynferðismök við sambúðarbarn sitt, brotaþola þessa máls, á sameiginlegu heimili þeirra að [...]. Verður ákærða því sakfelld fyrir þá háttsemi sem tilgreind er í ákærulið 1 og er brot hennar þar réttilega heimfært til refsíákvæða.

Ákæruliður 2.

Í síðari lið ákæru eru ákærðu gefnar að sök rangar sakargiftir með því að hafa leitast við að koma því til leiðar að brotaþoli yrði sakaður um eða dæmdur fyrir að hafa ítrekað nauðgað henni og áreitt hana kynferðislega á tímabilinu frá september 2015 til október 2017, á sameiginlegum heimilum þeirra að [...] og [...]. Brot ákærðu er í ákæru heimfært til 1. mgr. 148. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 en í ákvæðinu segir að hver, sem með rangri kæru, röngum framburði, rangfærslu eða undanskoti gagna, öflun falsgagna eða á annan hátt leitast við að koma því til leiðar, að saklaus maður verði sakaður um eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað, skuli sæta fangelsi allt að 10 árum. Samkvæmt framangreindu ákvæði skal við ákvörðun refsingar höfð hliðsjón af því hversu þung refsing er lögð við broti því sem sagt er eða gefið tilkynna að viðkomandi hafi drýgt.

Svo sem áður hefur verið greint frá mætti ákærða á lögreglustöð mánudaginn 23. október 2017 og lagði fram kæru á hendur brotaþola. Við það tilefni var brýnt fyrir ákærðu að segja satt og rétt frá og kannaðist ákærða við það fyrir dómi. Hélt ákærða því fram að brotaþoli hefði ítrekað nauðgað sér og áreitt hana kynferðislega á tímabilinu frá september 2015 til október 2017 á sameiginlegum heimilum þeirra að [...] og [...]. Þetta leiddi til þess að lögregla hóf rannsókn máls nr. [...] og tók meðal annars skýrslu af brotaþola með réttarstöðu sakbornings 31. október 2017. Þann 18. september 2018 var ákærðu og brotaþola tilkynnt sú ákvörðun lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu að hætta rannsókn málsins með vísan til 4. mgr. 52. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð

sakamála. Ákærða kærði þá ákvörðun til ríkissaksóknara sem staðfesti ákvörðun lögreglustjóra um niðurfellingu máls 16. janúar 2018.

Ákærða og brotþoli hafa bæði, ásamt vitnum, gefið framburð í því máli sem hér er til meðferðar. Með vísan til alls framburðar fyrir dómnum verður því slegið föstu að kæra ákærðu á hendur brotþola fyrir kynferðisbrot hafi ekki átt við nein rök að styðjast. Jafnframt liggur fyrir í málinu að kæran leiddi til mikillar andlegrar vanlíðan brotþola. Þá er það mat dómsins að framburður ákærðu sé ekki trúverðugur, enda samræmist hann ekki vitnisburði annarra vitna og framlögðum gögnum.

Að öllu framangreindu virtu þykir, gegn neitun ákærðu, sannað að ákærða hafi framið þá háttsemi sem henni er gefin að sök í ákærulið 2. Verður ákærða því sakfelld fyrir þá háttsemi sem þar er lýst og er brot hennar réttilega heimfært til refsíákvæða.

IV

Ákvörðun refsingar, miskabætur og sakarkostnaður

Við ákvörðun refsingar ákærðu er til þess að líta að hún er í máli þessu sakfelld fyrir alvarleg og ítrekuð kynferðisbrot gegn sambúðarbarni sínu, brotþola þessa máls. Verður meðal annars litið til þess að þegar kynferðisleg samskipti ákærðu og brotþola hófust var ákærða með ákveðna yfirburðarstöðu gagnvart brotþola sem var ungur og óharðnaður sextán ára piltur sem hafði enga kynferðislega reynslu. Með því að taka upp kynferðislegt samband við sambúðarbarn sitt, sem hún átti jafnframt í nánu trúnaðar- og vinsambandi við, framdi ákærða alvarlegt trúnaðarbrot og mátti hún að mati dómsins gera sér grein fyrir að háttsemin var til þess fallin að valda brotþola alvarlegu andlegu tjóni. Þá er einnig til þess að líta að brotin voru alvarleg og framin á heimili brotþola auk þess sem þau stóðu yfir langt tímabil og beindust gegn mikilsverðum hagsmunum. Brotin höfðu alvarlegar afleiðingar fyrir andlega líðan brotþola.

Þá er ákærða í máli þessu jafnframt sakfelld fyrir rangar sakargiftir, sbr. 1. mgr. 148. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa komið því til leiðar með rangri kæru að brotþoli yrði sakaður um eða dæmdur fyrir að hafa ítrekað nauðgað og áreitt ákærðu á rétt rúmlega tveggja ára tímabili. Samkvæmt nefndu ákvæði skal við ákvörðun refsingar hafa hliðsjón af því hversu þung refsing er lögð við því broti sem sagt er eða gefið til kynna að viðkomandi hafi drýgt. Brot gegn nauðgunarákvæði hegningarlaga geta varðað fangelsi allt að 16 árum. Kæra ákærðu á hendur brotþola fyrir kynferðisbrot átti svo sem fram er komið ekki við nein rök að styðjast, en kæran leiddi til þess að brotþoli hafði stöðu sakbornings í tæpt ár. Olli það brotþola eðlilega mikilli andlegri vanlíðan og miska.

Við ákvörðun refsingar ákærðu er horft til 1., 2., 6. og 7. töluliðar 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Er það metið ákærðu til refsipýngingar að hafa reynt að varpa sök á brotþola. Á hinn bóginn er það ákærðu til refsimildunar að hún hefur ekki áður

sætt refsingu. Að öllu framangreindu virtu, sbr. 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, verður refsing ákærðu ákveðin fangelsi í tvö ár og níu mánuði.

Brotapoli á rétt á miskabótum úr hendi ákærðu. Með hliðsjón af þeim gögnum sem fyrir liggja um afleiðingar brotsins fyrir andlega hagi brotþola verður brotþola dæmdar miskabætur að fjárhæð 700.000 krónur með vöxtum eins og greinir í dómsorði. Bótakrafan var birt fyrir ákærðu 30. mars 2020.

Samkvæmt 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála verður ákærðu gert að greiða sakarkostnað málsins sem, samkvæmt framlögðu yfirliti sækjanda um slíkan kostnað og með stoð í öðrum meðfylgjandi gögnum, nemur 876.210 krónum. Þá greiði ákærða þóknun skipaðs verjanda síns á rannsóknarstigi og fyrir dómi, Sigurðar Freys Sigurðssonar lögmanns, 1.376.400 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Einnig greiði ákærða þóknunir skipaðra réttargæslumanna brotþola, Arnars Þórs Stefánssonar lögmanns, 252.340 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, og Braga Dórs Hafþórssonar lögmanns, 344.100 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Jón Höskuldsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærða, X, sæti fangelsi í tvö ár og níu mánuði.

Ákærða greiði Y 700.000 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 24. október 2017 til 30. apríl 2020, en frá þeim degi með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags.

Ákærða greiði 2.849.050 krónur í sakarkostnað, þar með talda þóknun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Freys Sigurðssonar lögmanns, 1.376.400 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, og þóknunir skipaðra réttargæslumanna brotþola, Arnars Þórs Stefánssonar lögmanns, 252.340 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, og Braga Dórs Hafþórssonar lögmanns, 344.100 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Jón Höskuldsson

[...]